FRÉTTABLAÐIÐ
15. ágúst 2013
190. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*






Tónlist.is

**3 mánuðir á Tónlist.is**

Áskriftin veitir þér aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði. Sem áskrifandi getur þú sett saman þína eigin lagalista og hlustað þannig á alla uppáhaldstónlistina þína!

**Enski pakkinn er ný og hagkvæm áskriftarleið fyrir þá sem hafa áhuga á skemmtilegasta fótbolta í heimi! Fyrir aðeins 8.990 kr. á mánuði færðu allan Enska boltann á Stöð 2 Sport 2, ljóshraða internet, heimasíma – og alls kyns fríðindi sem einungis bjóðast þeim sem skella sér á enska pakkann!**

## ENSKI BOLTINN | 380 beinar útsendingar

### Yfir 380 leikir í beinni

Sjáðu yfir 380 leiki í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2 og fjórum hliðarrásum. Gummi Ben og félagar eru svo alltaf á vaktinni í Messunni, öll mánudagskvöld.

## NETIÐ | Allt að 100 Mb/s

### Netið innifalið í 12 mánuði

Veldu á milli Ljósleiðara eða Ljósnets. Allt að 100 Mb/s ljóshraði og 10 GB erlent niðurhal fylgir. Þú færir netið yfir til 365 og heldur núverandi sjónvarpsbúnaði. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald fyrir netaðgang sem fyrr.

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | 365.is



**SKOÐUN** Internetið skapar mikil tækifæri fyrir höfundarréttarhafa, skrifar píratinn Jón Þór Ólafsson. 20



**MENNING** Katrín Símonardóttir hannar sundföt fyrir konur í yfirstærð. 42



**SPORT** Jón Arnór Stefánsson er búinn að skora 32 stig í tveimur landsleikjum í röð. 36







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
15. ágúst 2013
190. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Ekki tími til að auglýsa

Þegar mánuður var eftir af fresti til að sækja um sérstakar lánsveðsvaxtabætur hafði umsóknarferlið ekki enn verið auglýst. Ríkisskattstjóri segir óþarfa að hafa áhyggjur. 2

**Íhuga nýja kosti** Landsvirkjun hefur til skoðunar nýjar útfærslur við Norðlingaöldu. Reynt er að mæta sjónarmiðum náttúrverndarfólks. 6

**Neyðarástand** Mannskæð átök hafa kostað hundruð manna lífið í Kaíró og fleiri borgum Egyptalands. Tveir blaðamenn voru drepnir í gær. 8

**Bláar yfir berjamó** Í ár eiga bestu berjalöndin að vera á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi. 12




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | S | 4 |
| Akureyri | 14° | S | 4 |
| Egilsstaðir | 15° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | SV | 4 |
| Reykjavík | 12° | S | 4 |

**VÍÐA VÆTA** Í dag verða víða sunnan 3-8 m/s og rigning en úrkomulítið N- og A-til. Hiti 10-18 stig, mildast NA-lands. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk






**EKKI SANNFÆRANDI** Íslenska landsliðið sýndi engan glansleik er það marði 1-0 sigur á Færeyingum í gær. Liðið mætir næst Sviss í alvöruleik ytra í upphafi næsta mánaðar. Sviss hitaði upp fyrir þann leik með því að skella Brasilíu. Kolbeinn Sigþórsson skýtur hér yfir mark Færeyinga í leiknum. **Sjá síðu 36** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Stúlka kærir fimm fyrir hópnauðgun

Hópnauðgun er meðal þriggja kynferðisbrota sem eru til rannsóknar hjá lögreglunni á Eskifirði. Að jafnaði eru þar rannsökuð níu kynferðisbrotamál á ári hverju.

Þrjú kynferðisbrot eru nú til rannsóknar hjá lögreglunni á Eskifirði, þar á meðal ein hópnauðgun. Sautján ára stúlka kærði í byrjun mánaðarins fimm karlmenn, á milli tvítugs og þrítugs, fyrir nauðgun sem átti sér stað á Austurlandi í lok júní. Yfirlögregluþjónninn á Eskifirði staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær en vildi ekki gefa upp hvar brotið hefði verið framið.

Í lok júlí kærði kona fyrrverandi sambýlismann sinn fyrir brot gegn dóttur hennar. Brotin áttu sér stað á Austurlandi á árunum 2007-2011 þegar stúlkan var á unglingsaldri. Maðurinn býr enn á Austurlandi. Það mál er lengst komið í rannsókn af málunum þremur og verður væntanlega sent ákæruvaldinu innan skamms.

Þá er einnig nauðgun sem átti sér stað á Norðurlandi til rannsóknar hjá lögreglunni á Eskifirði.

„Við höfum því miður fengið að jafnaði níu kynferðisbrotamál inn á borð til okkar á hverju ári síðustu fimm ár eða svo,“ segir Jónas Wilhelmsson yfirlögregluþjónn á Eskifirði. „Rannsókn á þessum málum gengur mjög vel.“ **- kh**

## RÁÐIST INN Á HEIMILI LÖGREGLUMANNS

Mikill erill hefur verið hjá lögreglunni á Austurlandi vegna manneklu í sumar og ekki hefur verið hægt að ráða í allar afleysingastöður vegna fjárskorts. Sömu sögu er að segja af embætti lögreglunnar á Seyðisfirði. Í fyrrakvöld réðst karlmaður inn á heimili eina lögreglumannsins sem var á vakt þar og hótaði fjölskyldu hans lífláti. Lögreglumaðurinn var ekki heima þegar innrásin átti sér stað. Hann var sem fyrr segir á vakt í umdæminu, sem nær frá Vopnafirði í norðri til Seyðisfjarðar í suðri.

Formaður fjárlaganefndar segist ekki hafa haft í hótunum:

# Skorað á Vigdísi að segja af sér

**STJÓRNMÁL** Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður bæði fjárlaganefndar og hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar, segist ekki hafa verið að hóta RÚV niðurskurði í þættinum Ísland í bítið á Bylgjunni í gærmorgun.



**VIGDÍS HAUKSDÓTTIR**

Viðtalið hefur vakið hörð viðbrögð og sumir fullyrt að í því hafi Vigdís haft í frammi lítt dulbúna hótun um niðurskurð hjá Ríkisútvarpinu vegna fréttaflutnings sem er henni ekki þóknanlegur.

Í gær var hafin undirskriftasöfnun á vefnum þar sem skorað var á Vigdísi að segja af sér formennsku í fjárlaganefnd og víkja úr hagræðingarhópnum. **- vg, sh /** **sjá síðu 4**






Pálmi Gestson er að missa þolinmæðina uppi á austfirskum heiðum:

# Illa gengur á hreindýraveiðum

**VEIÐAR** Aðeins hefur tekist að veiða fjórðung af hreindýrakvótanum nú þegar tarfatímabilið er hálfnað. Pálmi Gestsson leikari, sem nú er á veiðum, og Jóhann G. Gunnarsson, hjá Umhverfisstofnun á Egilsstöðum, segja að svo illa hafi gengið að finna dýr að menn hafi hreinlega gefist upp og skilað inn veiðileyfum sínum.

Pálmi hefur arkað í erindisleysu í fjóra daga án þess að komast í færi við nokkurt dýr. Ekki er vankunnáttu um að kenna því hann er undir handleiðslu Sigurðar Aðalsteinssonar frá Vaðbrekku á Jökulfjörðum, sem þekkir vel til aðstæðna og staðarhátta.

Jóhann segir að oft hafi útlit verið fyrir að kvótinn yrði ekki kláraður en alltaf hafi veiðarnar gengið eftir.



Álag á veiðislóð eykst mjög eftir 20. ágúst. Þá hefst gæsatímabilið og vilja margir veiðimenn nýta ferðina austur og fara á gæs jafnframt. Búið er að veiða 300 dýr en kvótinn hljóðar upp á 1.229. **-jbg /** **sjá síðu 38**







## SPURNING DAGSINS



Gísli, ertu búinn að láta Odd vita?

**„Nei, en hann fær vitaskuld að vita ef skerst í odda.“**

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi er nefndur meðal þeirra sem líklegir eru í oddvitaslag Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Forstjóri Kauphallar telur sölu á 28 prósenta hlut í Landsbanka örvandi:

# Hátt í sjötíu milljarðar fyrir hlutinn

**VIÐSKIPTI** Sextíu og þrír milljarðar fást fyrir tuttugu og átta prósenta hlut ríkisins í Landsbankanum ef miðað er við bókfært eigið fé bankans.

Samkvæmt lögum um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum er ríkissjóði heimilt að selja þennan hlut í bankanum á næsta ári. Skilyrði fyrir henni eru þau að bankasýslan þarf að mæla með henni og heimild þarf að vera fyrir henni í fjárlögum.

Fyrrverandi fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, hafði viðrað þá hugmynd að salan færi fram gegnum Kauphöll Íslands.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, tekur vel í það og segir að sala á hlut ríkisins myndi styrkja atvinnulífið og býst hann við mikilli eftirspurn eftir þessum bréfum. „Ég held að það sé mjög æskilegt að nokkur hluti þessara banka komist í hendur almennra fjárfesta. Ég held að það sé gott fyrir atvinnulífið. Jafnframt tel ég að það sé leið fyrir ríkið að fá sem hæst verð fyrir Landsbankann,“ segir hann. - þþ



**PÁLL HARÐARSON Í KAUPHÖLLINNI** Forstjórinn segir að sala á 28 prósenta hlut ríkisins í Landsbankanum örvi auð og æru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýbreytni hjá Fréttablaðinu:

# Kynningarefni utan um blaðið

**ÚTGÁFUMÁL** Auglýsingakápa frá 365 miðlum fylgir Fréttablaðinu í dag. Auglýsing af þessu tagi er nýbreytni hjá útgáfunni en stendur öðrum auglýsendum jafnframt til boða.

Í auglýsingunni er kynnt tilboð á áskrift að enska boltanum, þar sem með í pakkanum fylgir háhraðainternettenging og heimasími. Áhugasamir geta kynnt sér málið nánar á vefjum Stöðvar 2 og 365, stod2.is og 365.is. - óká



**FRÁ SLYSSTAÐ** Vélin sundraðist í nokkra parta en sprengingar heyrðust þegar hún hrapaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Póstflutningavél fórst í Birmingham í Alabama:

# Tveir menn fórust með vélinni

**BANDARÍKIN, AP Flutningaflugvél á vegum UPS-póstflutningafyrirtækisins fórst í lendingu við alþjóðaflugvöllinn í Birmingham í Alabama í morgun. Flugmaður og aðstoðarflugmaður vélarinnar létust.**

**Vélin sundraðist í nokkra parta og tvær eða þrjár sprengingar heyrðust þegar hún lenti á jörðinni, en talið er að þær sprengingar tengist eldsneyti vélarinnar.**

**Íbúar í grennd segja einkennileg hljóð hafa borist frá vélinni, eins og eldsneytisgjöfin hafi orðið of mikil. „Við töldum að þeir væru að reyna að komast til flugvallarins. En nokkrum mínútum seinna heyrðist mikil sprenging,“ hefur AP-fréttastofan eftir Sharon Wilson, sem varð vitni að slysinu.** - gb

# Ekki haft tíma til að auglýsa vaxtabætur

Frestur til að sækja um sérstakar lánsveðsvaxtabætur rennur út eftir mánuð en umsóknarferlið hefur enn ekki verið auglýst. Óþarfi að hafa áhyggjur, segir ríkisskattstjóri. „Þetta er ekki þannig að menn lokist inni á þessum fresti,“ segir hann.

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisskattstjóri segir að þeir sem tilheyra svokölluðum lánsveðshópi þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að fá ekki sérstakar lánsveðsvaxtabætur sem síðasta ríkisstjórn lögfesti rétt fyrir þinglok í vor. Frestur til að sækja um bæturnar til Ríkisskattstjóra rennur út eftir mánuð og þar til í gær hafði embættið ekki kynnt opinberlega hvernig fólk ætti að bera sig að við umsóknina.



**SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON**

Fólk sem tilheyrir hópnum hefur haft samband við Fréttablaðið og furðað sig á því að enn hafi ekkert verið gert í þessum efnum þegar svo stutt sé orðið til stefnu. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að fyrirvarinn sem gefinn var í lögunum hafi verið mjög stuttur. „Þetta helgast bara af því að lögin voru samþykkt rétt áður en þingið fór heim og það hafa verið mjög miklar annir við að framkvæma ýmsar aðrar lagabreytingar,“ segir Skúli, sem segir embættið hafa þurft að taka upp á annað hundrað lagabreytingar undanfarin ár.

„Ríkisskattstjóri kom því sjónarmiði á framfæri að þetta væri stuttur fyrirvari. En látum það nú vera, þetta er orðið að lögum í landinu,“ segir Skúli. „Það sem Ríkisskattstjóri mun gera er að taka saman leiðbeiningar um þetta mál og setja á vefinn, birta almenna auglýsingu og gera grein fyrir því í hverju þessi réttur felst og hvaða skyldur eru þarna.“

Í lögunum er kveðið á um að umsóknarfrestur sé til 15. september og að umsækjendum beri að afhenda ríkisskattstjóra þau gögn sem hann telur nauðsynleg vegna ákvörðunar bótanna. Hins vegar segir einnig í lögunum að embættinu sé heimilt að taka til greina umsóknir sem berast eftir þetta tímabil í allt að tvö ár.

Meðal annars í þessu ljósi segist Skúli ekki óttast að fólk hafi of knappan tíma til stefnu.

„Þeir sem heyra þarna undir þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að réttur þeirra verði fyrir borð borinn. Þetta er ekki þannig að menn lokist inni á þessum fresti.“

Síðdegis í gær vakti Skúli svo athygli Fréttablaðsins á því að frétt um lánsveðsvaxtabæturnar og tilheyrandi upplýsingar væru komnar á vef stofnunarinnar, rsk.is. Þar kemur fram að umsóknareyðublað verði tilbúið í lok mánaðar. stigur@frettabladid.is



**ÞINGHOLTIN** Eigendur heimila sem á hvíla lánsveð eiga að fá sérstöku vaxtabæturnar sem uppbót fyrir aðra mismunun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ætlunin að bæta mismun

Sérstöku vaxtabæturnar fyrir lánsveðshópinn voru hugsaðar sem sárabætur fyrir hann, þar sem hann hafði greitt hærri vexti af höfuðstól en þeir sem fengið hafa lækkun eftir svonefndri 110 prósenta leið. „Markmið þessarar aðgerðar er að bæta honum að hluta til þann mismun,“ segir í greinargerð með frumvarpinu til laganna.

Greiðslurnar geta þó ekki orðið hærri en 160 þúsund krónur hjá einstaklingum og 280 þúsund krónur hjá hjónum og sambúðarfólki.

Vilja hugmyndir frá íbúum:

# Fundað vegna Hofsvallagötu

**SKIPULAGSMÁL** Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar samþykkti tillögu minnihlutans í gær um að boðað yrði til almenns íbúafundar strax á næstu dögum um breytingar á skipulagi Hofsvallagötu og framkvæmdir á götunni. Fyrst og fremst verður tilefni fundarins að kalla eftir samráði, hugmyndum og athugasemdum frá íbúum.

Sjálfstæðisflokkurinn lagði til að umdeildum framkvæmdum við götuna yrði frestað þar til fundurinn hefði verið haldinn. Það var fellt. -vg

Verktaki eyðilagði stofnlögn:

# Rauf allt fjarskiptasamband

**DÓMSMÁL** Verktaki var dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystri í vikunni til þess að greiða fjarskiptafyrirtækinu Mílu rúmlega 700 þúsund krónur í skaðabætur.

Verktakinn sleit stofnstreng á Þórshöfn þegar hann var að grafa fyrir svokallaðri drenlögn í júní árið 2010. Fjarskiptasamband fór af stórum hluta Þórshafnar af þessum sökum. Verktakinn krafðist sýknu þar sem uppdráttur af fjarskiptalínum á svæðinu, sem var frá 1992/1993, reyndist rangur. Dómurinn hafnaði því. -vg




Ísraelar og Palestínumenn settust að samningaborðinu eftir langt hlé:

# Mikil leynd yfir viðræðunum

**ÍSRAEL, AP** Ísraelar og Palestínumenn settust að samningaborðinu í gær, daginn eftir að Ísraelar leystu 26 palestínska fanga úr haldi.

Fundurinn er haldinn í Jerúsalem en þetta er í þriðja sinn frá aldamótum sem reynt er að semja um framtíðarstöðu Palestínuríkis við hlið Ísraels. Þær viðræður hafa lítinn árangur borið og hafa legið alveg niðri í þrjú ár.

Mikil leynd hvílir yfir viðræðunum en Ísraelsstjórn sendi þó í gær frá sér stutt myndskeið þar sem aðalsamningamenn þjóðanna sjást takast í hendur á óuppgefnum stað í Jerúsalem.

Friðarviðræður hefjast nú, eina ferðina enn, einkum fyrir eindregin tilmæli frá John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem leggur mikla áherslu á að þoka þessum málum áfram.

Hann fékk Palestínumenn til að fallast á viðræður þrátt fyrir að framkvæmdir ísraelskra landtökumanna haldi áfram á hernumdu svæðunum. Hann fékk einnig Ísraela til þess að láta lausa ríflega hundrað palestínska fanga, sem setið hafa í ísraelskum fangelsum fyrir ofbeldisverk gegn Ísraelum. - gb



**LAUSIR** Ættingjar palestínskra fanga fagna lausn þeirra og komu á landamærastöð Beit Hanoun við Gasa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


NÝTT KORTATÍMABIL
SKÓLADAGAR
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Nú er skólastemning í Kringlunni. Allt sem þarf fyrir skólann á einum stað.
Munið afsláttarhefti Kringlunnar!*
*Afsláttarheftið má nálgast á þjónustuborði Kringlunnar.
Kringlan
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is
AF ÖLLU HJARTA

## SVONA ERUM VIÐ



**6.000** **krónur er sú upphæð sem Íslendingar sögðust eyða daglega í neyslu um miðjan síðasta mánuð.**

**Þar eru ekki talin með kaup t.d. á húsnæði eða bifreiðum.**

Þetta er mjög svipað og á sama tíma síðustu ár. Ekki ætti að koma á óvart að eyðslan nær hæstu hæðum um jól ár hvert (um 7.600 kr. síðustu jól) og lægstu lægðum í lok janúar.

*Heimild: Capacent*

Betri kjör vegna krónu og ódýrari aðfanga hafa ekki skilað sér í matarverði:

# Lægra matarverð ekki útilokað

**EFNAHAGSMÁL** Styrking krónu frá ársbyrjun og lækkun á hrávöruverði á erlendum mörkuðum hefur ekki skilað sér hér í lægra matvöruverði. Þetta kemur fram í nýrri umfjöllun greiningardeildar Arion banka.

Í ljósi þess að spáð er áframhaldandi verðlækkun á korni næstu 12 mánuði er í umfjölluninni ekki talið útilokað að svigrúm verði hér fyrir lækkun matvöruverðs á komandi misserum, takist Seðlabankanum að halda gengi krónunnar stöðugu.

Í umfjölluninni eru þrjár ástæður sagðar helstar fyrir því að styrking krónu og lægra hrávöruverð hafi ekki þegar skilað sér í lægra matarverði. Mögulega taki fyrirtæki þann pól í hæðina að styrking krónu sé tímabundin en veikingin varanleg.

Þá er bent á að kjarasamningar hafi haft áhrif á launakostnað, sem þrýst hafi á hærra matvöruverð, og að framleiðendur kunni að vera að sækja til baka framlegðartap sem þeir hafi mátt þola á árunum 2011 og fram til 2012. **- óká**



**KORN** Áframhaldandi verðlækkun á korni gæti síðar skilað sér í lægra matarverði hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fæstir leigja á Vestfjörðum:

# Alls 845 samningum þinglýst

**VIÐSKIPTI** Alls var 845 leigusamningum þinglýst á landinu öllu í júlí. Það er níu prósentustiga aukning frá því í júlí í fyrra.

Langflestum leigusamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu, eða 557. Er það 13,4 prósentustiga aukning milli mánaða. Fæstum leigusamningum var þinglýst á Vestfjörðum, eða fimm samningum. Það er þó 150 prósentustiga aukning frá júlí á síðasta ári en einum samningi færri en í júní 2013. **-nej**

Hagræðingarhópur vill hjálp:

# Vilja tillögur frá almenningi

**STJÓRNSÝSLA** Á vef forsætisráðuneytisins hefur verið komið upp svæði þar sem almenningi er boðið að koma á framfæri hugmyndum og ábendingum til hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um hluti sem betur mega fara í rekstri ríkisins.



**ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON**

Á heimasíðu ráðuneytisins segir að markmiðið sé að hagræðingarhópurinn leggi fram tillögur sem miða að því að auka framleiðni í rekstri ríkisins umtalsvert. Einnig er hægt að senda hugmyndir og ábendingar til hópsins á netfangið *hagraeding@for.stjr.is*. **-vg**

Skólinn þróar námsbrautir:

# Fisktækninám fram haldið í ár

**MENNTUN** Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Ólafur Þór Jóhannsson, formaður stjórnar Fisktækniskóla Íslands í Grindavík, undirrituðu nýlega samning til eins árs um kennslu í fisktækni í tilraunaskyni. Frá þessu segir á vef Víkurfrétta.

Um er að ræða kennslu í fiskvinnslu, fiskveiðum og fiskeldi. Í samningnum er einnig gert ráð fyrir að skólinn þrói námsbrautir á sviði fisktækni og standi að kynningum á námi í fisktækni víða um land.

30 nemendur munu stunda nám við skólann í haust, en um 1.500 manns hafa sótt námskeið á vegum skólans frá stofnun hans vorið 2010. **- þj**

# Vigdís neitar því að hafa haft í hótunum

Formaður fjárlaganefndar minnti á setu sína í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar í umræðum um meinta hlutdrægni fréttastofu RÚV. „Þetta kemur fréttaflutningi ekkert við,“ segir hún um niðurskurðarvinnuna. Hún hyggst ekki segja af sér.

**STJÓRNMÁL** „Ég var ekki að hóta í þessu viðtali, eins og allir geta hlustað á og heyrt,“ segir Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, um viðtal sem hún fór í við Ísland í bítið á Bylgjunni í gærmorgun. Viðtalið hefur vakið hörð viðbrögð og sumir fullyrt að í því hafi Vigdís haft í frammi lítt dulbúna hótun um niðurskurð hjá Ríkisútvarpinu vegna fréttaflutnings sem er henni ekki þóknanlegur.

Spurð hvers vegna hún hafi nefnt það í kjölfarið umræðu um meinta hlutdrægni fréttastofunnar að hún sæti í sérstökum hagræðingarhópi stjórnvalda segir Vigdís:

„Því er til að svara að það er allur ríkisreksturinn þarna undir. Það verður að skoða þetta í samhengi allt saman hvað á að gera til framtíðar hér á landi.“

Hún segir að skoðun hennar, og eftir atvikum annarra í hagræðingarhópnum, á fréttaflutningi fréttastofu Ríkisútvarpsins muni engin áhrif hafa á það hvaða tillögur hópurinn muni koma með um niðurskurð.

„Að sjálfsögðu ekki. Þetta kemur fréttaflutningi ekkert við. Upphafið að þessu viðtali var það að Ríkissjónvarpið flutti ranga frétt þar sem mér voru lögð orð í munn. Síðan hefur þetta undið upp á sig með þessum hætti og við því er ekkert að gera. Það er ekkert nýtt fyrir mér að það sé verið að rangtúlka það sem ég segi og snúa út úr því.“



Í kjölfar viðtalsins í gær var hafin undirskriftasöfnun á vefnum þar sem skorað var á Vigdísi að segja af sér formennsku í fjárlaganefnd og víkja úr hagræðingarhópnum. Í gærkvöldi höfðu yfir 1.500 manns skrifað undir.

„Fólkist er frjálst að setja af stað undirskriftasafnanir eins og það vill um hin ýmsu málefni. Ég hef svo sem ekkert um það að segja,“ segir Vigdís. Hún muni hins vegar ekki verða við áskoruninni. „Að sjálfsögðu ekki.“



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, vill ekki ganga svo langt að segja að Vigdís eigi að segja af sér. „Fólk verður bara að taka þær ákvarðanir sjálft. Það er ekki pólitískra andstæðinga að benda á það. En mér finnst að formaður fjárlaganefndar eigi allavega ekki að tala svona. Það er alveg á hreinu.“

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í samtali við RÚV í gær að aldrei væri viðeigandi að tengja saman fjárframlög til RÚV og frammistöðu fréttastofunnar. Vigdís hefði hins vegar skýrt mál sitt.

**stigur@frettabladid.is**

## Úr viðtalinu umdeilda

**Vigdís:** „Er það eðlilegt að ríkisstofnun eins og RÚV, sem tekur til sín fjóra milljarða á ári af skattfé, auk auglýsingatekna, í samkeppni við kannski einkastöðvar eins og við erum hér stödd á í dag, fari fram með þessum hætti?“

**Heimir Karlsson:** „Þess vegna spyr ég aftur: Muntu taka það mál eitthvað lengra?“

**Vigdís:** „Ég er náttúrlega í þessum hagræðingarhópi. Það liggur allt undir. Mér finnst óeðlilega mikið fjármagn fara í rekstur RÚV, sérstaklega þegar þeir standa sig ekki betur en þetta í fréttaflutningi. Og ég er ekki að tala um mína persónulega heldur almennt hvernig þeir beita sér í almennum fréttaflutningi og eru hlynntir ákveðinni stefnu í landinu.“



**KANÍNA** Engin ákvörðun hefur verið tekin um kanínuveiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sveitarfélög skoða veiðar:

# Fundað um kanínur í haust

**BORGARMÁL** Reykjavíkurborg hefur haft samband við öll nágrannasveitarfélög sín á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að stemma stigu við hraðri útbreiðslu kanína. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið kemur fram að til stendur að funda með sveitarfélögunum um málið næsta haust og að hingað til hafi verið vel tekið í erindi borgarinnar um grisjun stofnsins. Þá kemur fram að engar kanínur hafi verið veiddar af hálfu borgarinnar síðan undanþága var gefin fyrir veiðum. **- vg**

Tæp sjö prósent án vinnu:

# Atvinnuleysi dregst saman

**EFNAHAGSMÁL** Á öðrum ársfjórðungi voru að meðaltali 12.900 manns í atvinnuleit, 6,8 prósent vinnuafls. Atvinnulausum fækkaði um 400 manns frá öðrum ársfjórðungi árið 2012 og starfandi fólki fjölgaði um 3.300 manns.

Langtímaatvinnuleysi hefur minnkað umtalsvert það sem af er ári, það er atvinnuleysi þeirra sem sem hafa verið án vinnu í 12 mánuði hið minnsta. Um 2.000 manns voru atvinnulausir til langtíma á öðrum ársfjórðungi þessa árs. **- le**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**RIGNINGIN ER GÓÐ** Heldur vætusamt víða á landinu í dag en fer svo að draga úr vætu á morgun. Skúrir einkum norðan- og vestanlands en léttir til suðaustanlands. Á laugardag snýr hann sér í hæga norðanátt með kólnandi veðri fyrir norðan.




**Á morgun**
3-8 m/s.




**Laugardagur**
Hæg norðaustlæg átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Billund | 21° | Gautaborg | 20° | London | 24° | Orlando | 32° | San Francisco | 21° |
| Basel | 24° | Frankfurt | 25° | Kaupmannahöfn | 20° | Mallorca | 30° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 22° |
| Berlín | 23° | Friedrichshafen | 23° | Las Palmas | 30° | New York | 25° | París | 27° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# ÁVÍSUN
# Á LÆGRA VERÐ

## RENNUR ÚT UM HELGINA




**Frystikista 103 ltr. 5 ára ábyrgð 34.900kr**




**ÁVÍSUNIN rennur út um helgina**

**HANDBÓK HÚSASMIÐJUNNAR**
**er komin heim til þín**
**3.000 kr. ávísun fylgir á bakhlið.**

Ávísun gildir sem innborgun í Húsasmiðjunni og Blómavali þegar verslað er fyrir 10.000 kr. eða meira.




**Innimálning 10 lítrar aðeins 3.995kr**

**Blandari Desire 11.990kr** ~~14.990~~

**Þvottavél 1000 sn 5 ára ábyrgð 92.900kr**

**Hleðslu borvél 12V 2 rafhlöður 13.995kr**

**Harðparket hnota 1.190kr/m²**



**RÓSIR 7 stk. 999kr**

**SÝPRIS 2 fyrir 1 999kr**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

ÁTÖKIN UM NORÐLINGAÖLDUVEITU

# Íhuga nýja kosti við Norðlingaöldu

**Landsvirkjun hefur til skoðunar nýjar útfærslur á veitukostum við Norðlingaöldu. Reynt er að mæta sjónarmiðum náttúruverndarfólks. Mögulegt er talið að minnka lón eða draga úr hæð veitulóns. Átök um Norðlingaölduveitu hafa staðið í áratugi.**


**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is




Landsvirkjun er að skoða það alvarlega hvort fyrirtækið leggur fram nýja og breytta útfærslu á veitukostum við Norðlingaöldu. Þetta er gert til að koma til móts við sjónarmið náttúruverndar.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að hægt sé að útfæra annaðhvort Norðlingaölduveitu eða aðra veitukosti í ofanverðri Þjórsá með þetta fyrir augum. Þá væri horft til þess að stýra rennsli án þess að hafa eins mikil áhrif á fossana neðar í ánni. Það væri hægt að minnka lón eða færa þau til, til dæmis. Þannig kæmi til greina að lónshæð yrði til dæmis lægri en gert er ráð fyrir í þeirri tillögu sem rammaáætlun lýtur að.

„Áhyggjur hafa meðal annars snúist um það hvort lónið nái inn í Eyvafen [gróin kvos sem gengur inn frá Þjórsá sunnan Hnífár og Þjórsárvera]. Við erum að skoða hvort það sé hægt að finna leiðir sem hafa ekki áhrif þar. Við viljum fá að leggja þær hugmyndir fram í lögbundnu ferli; rammaáætlun og umhverfismat. Það verði síðan tekið tillit til þessa eins og annarra virkjunarkosta sem verða skoðaðir,“ segir Hörður.

### Hugmyndir liðinna ára

Baráttan fyrir friðun Þjórsárvera er áratuga gömul. Þegar til skamms tíma er litið hefur verið unnið að stækkun friðlandsins samkvæmt náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009-2013. Með stækkuninni hefði friðlandið farið úr 375 ferkílómetrum, eins og nú er, í 1.563 ferkílómetra. Þar með hefði hugmyndin um Norðlingaölduveitu fallið í þeirri mynd sem hún var hugsuð (sjá skýringarmynd).

Hvað upphaflegar hugmyndir varðar voru þær mjög stórkarlalegar í upphafi með lónshæð í yfir 590 metrum yfir sjávarmáli (m.y.s.) með gríðarlegum áhrifum á umhverfið. Síðari tíma hugmyndir gerðu um tíma ráð fyrir 581 eða 575 metra lónshæð, sem þýddi að lónið hefði verið allt að 29 ferkílómetrar að stærð og teygt sig inn í Þjórsárver. Þessari leið var hafnað af stjórnvöldum og var lendingin lónshæð upp á 567,5 m.y.s hæst og 5 ferkílómetra lón (sjá skýringarmynd). Þetta er sú leið sem Landsvirkjun hefur haldið á lofti og margir talið ákjósanlega lausn fyrir alla.

### Undirritun

Margur taldi að stækkun friðlandsins væri í hendi þegar boðað var til undirritunar á friðlýsingu Þjórsárvera í félagsheimilinu Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 21. júní síðastliðinn. Bakkelsið var að kólna á dúkuðum borðum í Árnesi þegar þau boð bárust frá Sigurði Inga Jóhannssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra, að undirritun væri frestað. Brást hann við eftir að forstjóri Landsvirkjunar sendi ráðuneytinu og Umhverfisstofnun bréf þar sem fyrirtækið áskildi sér rétt til að fara fyrir dómstóla fengi málið framgang.

### Hagkvæmur kostur

Það er mat Landsvirkjunar að Norðlingaölduveita sé með hagkvæmustu virkjunarkostum á landinu og langt utan núverandi friðlandsmarka Þjórsárvera, en hins vegar innan stækkunar friðlandsins til suðurs sem til stóð að undirrita í júní.

„Í tilfelli Norðlingaölduveitu, sem Alþingi veitti heimild til að reisa árið 2003, telur Landsvirkjun eðlilegt að færi sé gefið á að endurskoða núverandi tilhögun, t.d. mismunandi rekstrarhæðir veitulóns. Áform um stækkun friðlandsins til suðurs myndu útiloka slíka breytta tilhögun,“ sagði í tilkynningu fyrirtækisins í júní.

### Stálin stinn

Ragnheiður Elín er þeirrar skoðunar að færa skuli Norðlingaölduveitu úr verndarflokki rammaáætlunar í nýtingarflokk. Kosturinn er hagkvæmur og umhverfisvænn, er hennar mat.

Umhverfissinnar hafna þessari túlkun alfarið. Í Fréttablaðinu í gær sagði Svandís Svavarsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, að áform Ragnheiðar gangi gegn lögum. Eins er mjög haldið á lofti að ekki skuli fórna fossum neðar í ánni, Dynk, Kjálkaversfossi og Gljúfurleitarfossi, frekar en orðið er, svo fátt sé talið af því sem margir telja fórnað með framkvæmdinni.

## NORÐLINGAÖLDUVEITA OG TENGDAR VIRKJANIR

- Með Norðlingaölduveitu yrði vatni veitt úr Þjórsá við Norðlingaöldu um jarðgöng og skurði til Þórisvatns, sem er aðalmiðlunarlónið á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár.
- Norðlingaöldulón yrði um fimm ferkílómetrar að stærð.
- Úr Þórisvatni fellur vatn um fjórar virkjanir; Vatnsfells-, Sigöldu-, Hrauneyjafoss- og Búðarhálsstöð.
- Aukning orkuvinnslugetu Landsvirkjunar með tilkomu Norðlingaölduveitu er áætluð um 720 GWh/ári.
- Sú aukning jafngildir orkuvinnslugetu Blönduvirkjunar á ársgrundvelli, en hún er 150 megavött í uppsettu afli.
- Um nokkurt skeið hefur verið unnið að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum en verin voru fyrst friðlýst árið 1981.
- Markmiðið með stækkun friðlandsins er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis, vistkerfa veranna, rústamýrarvistar, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.










**1 TILLAGA FRÁ 2002** Lón í 575 metra yfir sjávarmáli þekur 29 ferkílómetra lands.

**2 TILLAGAN Í DAG** Lón í 567,5 metra yfir sjávarmáli þekur 5 ferkílómetra lands







# ALLAR SKÓLATÖSKUR Á 20% AFSLÆTTI



aðeins fimmtudaginn 15. ágúst

## Mikið úrval af skólavörum!



Plastmöppur 59kr



Strokleður 15kr



Yddari 99kr



Límstifti 79kr





Stílabók 389kr



Blýantar 79kr

Gildir15. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

## Macland stofnar Makkland

Einkahlutafélagið Makkland ehf. var nýskráð í hlutafélagaskrá í gær. Hörður Ágústsson, eigandi Macland, er einn þeirra sem stendur á bak við nýja félagið.



**HÖRÐUR ÁGÚSTSSON**

„Þetta er bara fyrirbyggjandi aðgerð því Apple er með einkarétt á Macvörumerkinu," segir Hörður. „Við verðum Macland áfram nema ef ske kynni að Apple skyldi hafa samband og gera athugasemdir við það. Við erum bara að hugsa fram í tímann," bætir hann við. - js

Auður og Virðing sameinast:

## Mynda eitt stórt fyrirtæki

Stjórnir fjárfestingafyrirtækjanna Auðar Capital og Virðingar hafa undirritað viljayfirlýsingu um sameiningu félaganna.

„Sameinað félag verður eitt stærsta verðbréfafyrirtæki landsins," segir Hannes Frímann Sigurðsson, forstjóri Auðar Capital.

Heildareignir sameinaðs félags nema yfir 100 milljörðum króna og er áhersla lögð á að félagið verði í jafnri eigu lífeyrissjóða, fagfjárfesta og einstaklinga.

„Þessi sameining er gerð til þess að bæði félögin geti sótt fram á öllum sviðum," segir Friðjón Rúnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Virðingar. - le

# Neyðarástand í Egyptalandi

Mannskæð átök hafa líklega kostað hundruð manna lífið í Kaíró og fleiri borgum Egyptalands. Öryggissveitir réðust til atlögu gegn mótmælendum í gærmorgun. Langvarandi átök hersins við íslamista fyrirsjáanleg.

**EGYPTALAND, AP** Adlí Mansúr, forseti Egyptalands, lýsti í gær yfir neyðarástandi sem á að gilda í mánuð. Því fylgir útgöngubann sem tók gildi klukkan sjö í gærkvöld og átti að standa yfir nóttina.

Óttast er að nú fari í hönd langvarandi átök milli hersins og liðsmanna Bræðralags múslíma.

Atburðirnir í gær hófust þegar öryggissveitir réðust til atlögu gegn mótmælendum í Kaíró. Talið var að þau hefðu kostað hundruð manna lífið en tölum um mannfall hefur ekki borið saman. Tveir blaðamenn létu lífið í átökunum í gær, tökumaður bresku sjónvarpsfréttastöðvarinnar Sky og blaðamaður dagblaðsins Gulf News í Dubaí. Síðdegis höfðu stjórnvöld staðfest að um 150 manns væru látnir og hátt í þúsund manns særðir. Tölur frá Bræðralagi múslíma voru mun hærri.

Sjónarvottar hafa lýst hroðalegum aðferðum sérsveita lögreglunnar. Meðal annars hafi verið ráðist inn á sjúkrahús í Kaíró. Herinn notaði þyrlur, brynvarða vagna og brynvarðar jarðýtur ásamt fjölmennu liði sérsveitarmanna til að rýma búðir mótmælenda á tveimur stöðum í borginni. Eldar loguðu í borginni og fréttastofur birtu myndir af brunnum líkum. Hundruð manna voru handtekin.

Bráðabirgðastjórnin í Egyptalandi fullyrti síðdegis að öryggissveitunum hefði tekist að rýma búðir stuðningsmanna Múhameds Morsís í Kaíró. Þegar líða tók á daginn fór fólk hins vegar að streyma út á götur víðar í Kaíró og í fleiri borgum Egyptalands til að mótmæla aðgerðum öryggissveitanna. Bræðralag múslíma hvatti fólk til að mótmæla sem víðast.

Herinn steypti Morsí af forsetastóli í byrjun júlí og hafa haft hann í haldi síðan, ásamt mörgum helstu liðsmönnum Bræðralagsins. Stuðningsmenn Morsís, mestanpart liðsmenn Bræðralags múslíma, höfðu vikum saman hafst við á tveimur stöðum í Kaíró til að krefjast þess að Morsí fengi forsetaembættið á ný.

gudsteinn@frettabladid.is

> **Það er orðið erfitt fyrir mig að halda áfram að bera ábyrgð á ákvörðunum sem ég er ekki sammála og sem ég óttast afleiðingarnar af.**
>
> *Múhamed El Baradei fv. varaforseti bráðabirgðastjórnar Egyptalands*



**ELDAR LOGUÐU** Sérsveitarmaður reynir að tala um fyrir konu úr hópi stuðningsmanna Morsís. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÁTÖK Í KAÍRÓ** Mótmælendur tóku á móti sérsveitarmönnum með grjótkasti í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hörð viðbrögð heimsbyggðarinnar

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur fordæmt ofbeldið í Egyptalandi í gær og segir það ekki auðvelda Egyptum að koma aftur á stöðugleika.

Catherine Ashton, utanríkisfulltrúi Evrópusambandsins, segist harma ofbeldið og hvetur alla aðila til að halda aftur af sér.

Afríkubandalagið fordæmir sömuleiðis ofbeldið og Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, segist hafa miklar áhyggjur af ástandinu.

Múhamed El Baradei, friðarverðlaunahafi Nóbels, hefur sagt af sér sem varaforseti bráðabirgðastjórnar landsins í mótmælaskyni við ofbeldisverkin.

„Það er orðið erfitt fyrir mig að halda áfram að bera ábyrgð á ákvörðunum sem ég er ekki sammála og sem ég óttast afleiðingarnar af," segir í uppsagnarbréfi El Baradeis.

MYNDARLEGUR
www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE AND BEYOND



*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM58758

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# Vertu klár í skólann

Opið til 21 í dag

Fjölbreytt skólatilboð á smaralind.is



Taktu þátt í Facebook-leiknum okkar á http://www.facebook.com/smaralind.is. Þú gætir unnið úlpu frá Cintamani, gjafabréf í Eymundsson eða iPad mini frá Epli.is.



Smáralind

ÍSLENSKA SIA.IS/ SML 64857 08/13

smaralind.is Opið: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

OPIÐ HÚS!
Sunnudaginn
25. ágúst
frá 14-16

DIPLÓMANÁM Í FORRITUN

Nám sem uppfyllir eftirspurn atvinnulífsins

Um námskeiðið:

Í náminu er leitast við að leggja traustan þekkingargrunn með stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og byggja ofan á hann með bæði skriflegum og verklegum æfingum.

Að því loknu eiga nemendur að hafa góða þekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð ásamt því að vera færir um að taka 2 alþjóðleg próf.

Nánari upplýsingar er að finna á ntv.is

- Almennt
  282 kennslustundir
  Verð: 399.000.-
- Helstu námsþættir
  Kynning á forritun (36)
  Viðmótshönnun (12)
  Gagnagrunnsfræði (36)
  Forritun með C# (66)
  Gluggaforritun (60)
  Gagnagrunnsforritun (36)
  Lokaverkefni (36)
- Næsta námskeið
  Kvöldnámskeið hefst 3. september

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv



**ÍSLENDINGAR OPNA VESKIÐ** Landsmenn gerðu einnig betur við sig í mat og drykk í júlí samkvæmt tölum Rannsóknaseturs verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aukin sala á rúmum og stórum raftækjum:

# Kaup Íslendinga á dýrum hlutum aukast

**VIÐSKIPTI** Landsmenn virðast vera örlítið viljugri við að taka upp veskið þetta árið samanborið við árið í fyrra en samkvæmt nýjum tölum Rannsóknarseturs verslunarinnar hefur sala á dýrum hlutum til heimilis aukist verulega á milli ára.

Stöðug aukning hefur verið í sölu á stórum raftækjum og snjallsímum. Talið er að aukin sala snjallsíma stafi af aukinni þörf fólks til þess að nota síma í netsamskiptum.

Einnig má með sanni segja að velta á rúmum hafi aukist verulega en aukningin nemur um 18,7 prósentum að raunvirði miðað við sama tímabil í fyrra.

Í júlí hafa Íslendingar gert betur við sig í mat og drykk en í sama mánuði í fyrra en litlar verðhækkanir voru bæði í mat- og drykkjarvöru í júlí í ár.

**5,4%**

Kortavelta heimila í júlí jókst um rúm fimm prósent miðað við sama tíma í fyrra.

Samkvæmt tölum Seðlabankans hefur kortavelta heimilanna aukist um 5,4 prósent í júlí miðað við sama mánuð í fyrra og nam hún heilum 64,7 milljörðum króna. Greiðslukortavelta ferðamanna nam 15 milljörðum króna, sem eru 23 prósent af kortaveltu íslenskra heimila.

Greining Íslandsbanka segir vöxt í kortaveltu útlendinga afar myndarlegan, þannig hafi afgangur af svokölluðum kortaveltujöfnuði í júlí meiri en nokkru sinni fyrr. - le

ÚTSALA
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50% AFSLÁTTUR
REIÐHJÓL 30% AFSLÁTTUR
GÖNGUSKÓR 20-40% AFSLÁTTUR
VEIÐIDEILD 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VEÐIVÖRUM
BAKPOKAR-SVEFNPOKAR 30% AFSLÁTTUR
TJÖLD 20%
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF






## DUBLIN
ÍRLANDI

Verð frá **79.900** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar

***Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.**

31. okt. – 3. nóv. og 1. – 4. nóv. 3 nætur



## MADRID
SPÁNI

Verð frá **93.500** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar

***Verð án Vildarpunkta 103.500 kr.**

31. okt. – 3. nóv. 3 nætur



## RÓM
ÍTALÍU

Verð frá **115.900** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar

***Verð án Vildarpunkta 125.900 kr.**

1. – 5. nóv. 4 nætur



## EDINBORG
SKOTLANDI

Verð frá **79.900** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar

***Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.**

17. – 20. okt. 3 nætur
24. – 27./29. okt. 3/5 nætur
7. – 10. nóv. 3 nætur
21. – 24./26. nóv. 3/5 nætur
5. – 8. des. 3 nætur



## BRIGHTON
ENGLANDI

Verð frá **82.900** kr.*
og 12.500 Vildarpunktar

***Verð án Vildarpunkta 92.900 kr.**

3. – 6. okt. 3 nætur
14. – 17. nóv. 3 nætur
28. nóv. – 1. des. 3 nætur



## TALLINN
EISTLANDI

Verð frá **99.900** kr.*

24. – 27. okt. 3 nætur

Öll verð eru á mann í tvíbýli. Innifalið: flug, skattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 65159 08/13

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

TRAVEL AGENCY ICELANDIC TOURIST BOARD AUTHORISED

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið




## HÁTÍÐIR HELGARINNAR

**Blómstrandi dagar**
**15. - 18. ágúst**
Menningar- og fjölskylduhátíð í Hveragerði. Hápunktur hátíðarinnar er á laugardeginum. Listsýningar og fjölbreyttir tónlistarviðburðir eru í bænum þessa daga ásamt heilsutengdum atriðum.

**Grenivíkurgleði**
**16. - 18. ágúst**
Fjölskylduhátíð í Grenivík þar sem áherslan er lögð á smáfólkið.

## VEÐUR

**Föstudagur**
**8-16°C HLÝJAST A-LANDI**
Suðvestlæg eða breytileg átt. Rigning með köflum en þó síst A-lands.

**Laugardagur**
**5-16°C BJART MEÐ KÖFLUM SYÐRA**
Skýjað og lítilsháttar væta N- og A-lands. Bjart með köflum syðra en skúrir síðdegis. Mildast á Suðurlandi.

**Sunnudagur**
**10-15°C STÖKU SKÚRIR**
Hæg breytileg átt, skýjað með köflum og stöku skúrir S-til.
heimild/vedur.is

**HÁLENDIÐ** **Lokað fyrir umferð um brú á yfirfalli við Hrauneyjafossvirkjun á Sprengisandsleið vegi 26 vegna framkvæmda. Umferð verður hleypt á hjáleið um Hrauneyjafossvirkjun á meðan.** Nánari upplýsingar Vegagerdin.is

# Blánar yfir berjamó

Berjalönd á Íslandi vakna til lífsins í síðari hluta ágústmánaðar. Helst má finna ber á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi í ár, segir Þorvaldur berjavinur.

Hið árlega tímabil berjatínslu er að ganga í garð. Nú þegar hafa fundist bláber víðs vegar á landinu.

„Það lítur ekki vel út sunnanlands í ár,“ segir Þorvaldur Pálmason, áhugamaður um ber. Hann heldur úti vefsíðunni Berjavinir, þar sem fjallað er um berjahorfur og fréttir af berjatínslu.


**ÞORVALDUR PÁLMASON**

Á síðunni eru fjölskyldur hvattar til þess að tína ber og skapa skemmtilegar samverustundir, auk þess sem berin eru meinholl. Rannsóknir hafa sýnt að bláber hafa mikla andoxunarvirkni og eru full af vítamínum.

Þorvaldur berjavinur segir dapran berjavöxt vera í sumar sunnan og vestanlands. „En það eru ber á Vestfjörðum,“ fullyrðir hann. „Þau koma vonandi á Norðurlandi og að öllum líkindum verða ber fyrir austan.“

Búist er við því að berin komi seinna í ár en áður. Berjavöxtur veltur á veðurfarinu. „Það var kalt vor og sumarið hefur ekki verið gott fyrir berjasprettu. Það eru betri skilyrði fyrir ber þegar það er sól,“ útskýrir Þorvaldur.


**FRÁ SÚÐAVÍK** Bláberjadagar standa yfir á Súðavík um helgina og má telja víst að fleiri en þessi blómarós noti tækifærið og fylli þar fötur sínar af góðmetinu. MYND/ÞÓRÐUR SIGURÐSSON




### 1. Bláberjadagar á Súðavík

Til stendur að halda Bláberjadaga á Súðavík um helgina. Þar er þemað, eins og nafnið gefur til kynna, bláber. Berin vaxa villt allt í kringum Súðavík og verður skemmtidagskrá fyrir gesti á milli þess sem berjatínslan fer fram. „Uppskeran lítur vel út,“ segir Eggert Nielson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar. „Það er fjölbreytt dagskrá, tónlist á þremur mismunandi stöðum, dansleikur á laugardagskvöldinu, bláberjabökuátskeppni þar sem aðeins má nota andlitið og söngur við varðeld.“ Einnig verður keppni um stærsta berið, skrýtnasta berið og Bláberjahlaup. Búist við nokkur hundruð manns á hátíðina.

### 2. Djúpavík á Ströndum

Fjölmargir leggja leið sína á Strandir á haustin til þess að tína ber og er Djúpavík margrómaður berjastaður.

### 3. Héðinsfjörður

Í Héðinsfirði eru mikil og ósnortin berjalönd. Nýbyggð Héðinsfjarðargöng auðvelda aðgengi að hinum gróskumiklu berjasvæðum.

### 4. Skeið í Svarfaðardal

Friðsæll og kyrr dalur umkringdur Tröllaskagafjöllunum. Auk berjasvæða er mikið af áhugaverðum jurtum fyrir áhugasama.

### 5. Sólbrekka í Mjóafirði

Við Sólbrekku er gott berjaland og þegar vel árar býr Mjóifjörður yfir fjöldanum af safaríkum berjum. Þar er einnig gistihús.

### 6. Fjarðarsel við Seyðisfjörð

Inn við Fjarðarsel er mikið berjaland þar sem tína má bláber, aðalbláber og krækiber. Falleg gönguleið er að berjunum og hægt er að heimsækja í leiðinni elstu starfandi riðstraumsvirkjun landsins.

nannae@365.is

## UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á ÍSLANDI DIMMUBORGIR



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

## Aftur í barnslegan töfraheim

„Ég hef alltaf haldið mikið upp á Dimmuborgir,“ segir Katrín Júlíusdóttir alþingiskona. Nánast öll hennar föðurætt er ættuð frá Húsavík og því ber hún sterk tengsl norður í land. Katrín sækir mikið norður í land og þykir gott að koma þangað.

Henni þykir erfitt að velja uppáhaldsstað þar sem hún ferðast mikið. „Við eigum stórkostlegt land,“ segir hún en Dimmuborgir eiga sérstakan stað í hjarta hennar.

„Þegar ég kom fyrst í Dimmuborgir þá greip mig einhver tilfinning sem ég fékk sem barn,“ útskýrir hún. „Mér fannst staðurinn svo æðislegur og að ganga þarna um er töfrum líkast. Sérstaklega ef þú ert með ríkt ímyndunarafl.“

Katrín mælir með því að fólk heimsæki Dimmuborgir ekki alveg í björtu. „Að koma þangað í þoku er ekki verra.“

Hún hlakkar til að sýna yngstu sonum sínum Dimmuborgir þegar þeir verða eldri. „Þú sérð staðinn kannski öðruvísi þegar þú ert fullorðinn en ég fer aftur til baka í þennan barnslega töfraheim þegar ég kem í Dimmuborgir.“



- nej


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
NOTALEGT ANDRÚMSLOFT
Stóll 16.900
Toscana
Borðstofuborð 89.900
180(L)x90(B)x77(H) cm
Framlenging 14.990
40(L)x90(B) cm
Skápur 129.900
Sófaborð - Kista 69.900
85.5(L)x85.5(B)x41(H) cm
Könnur 390
Snyrtivörur
3 fyrir 2
Myndarammar, margar tegundir
Lampar frá 5.990
Luktir frá 4.990
Kerti
3 fyrir 2
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

ÍRIS

# ÁFRAM NÁMSMENN



Verð 1.699 krónur

Farðu á flug í skólanum með pennahólknum Plane.



Verð 1.699 krónur

**Furby**
Feiknagóður Furby pennahólkur.



**Hvítt strokleður**
PVC frítt

Verð 19 kr. stk.

Verð 89 krónur

**Svart strokleður**
Staedtler gæðastrokleður.
Stór og lítil.



Verð 1.299 krónur

Hringjamappa Southpark



Verð 199 krónur

**Wopex**
Ný kynslóð af blýöntum
með skemmtilegum litum.



25% afsláttur

Verð 487 krónur

**Artline skrúfblýantur**
Skrúfblýantur með
breiðu gúmmígripi.



Verð 999 krónur

**Planes**
Teygjumappa Planes.



Verð 999 krónur

Teygjumappa Southpark.



Verð 429 kr. stk.

**Schneider Slider Edge**
Kúlupennar í mörgum
skemmtilegum litum.



Verð 299 krónur

**Steadtler Graphite skrúfblýantur**
Léttur og góður skrúfblýantur.
Bolur með gúmmíáferð í
fallegum litum.
Skriftarlína 0,5 mm.



Verð 344 krónur

25% afsláttur

**Artline**
Hinn eini sanni.
Verð áður kr. 459,-



Verð 49 krónur



Austurs
Skólavö
Kringlu
Álfabak




Tilboð
9.999
krónur

41% afsláttur

**Beckmann bakpoki**
Vandaður Beckmann bakpoki með auka hólfi fyrir fartölvuna. Regnhlíf er á töskunni, mittisól og önnur yfir bringuna
Verð áður kr. 16.999,-




Verð frá
399
krónur

Límstifti
Aulinn ég, 8gr.

Límstifti
Aulinn ég, 21gr.

Límstifti
Aulinn ég, 40gr.



25% afsláttur

Verð
1.799
krónur

Sjóðandi heitur Southpark pennahólkur.




25% afsláttur

Verð stk
367
krónur

Tilboð
kr. 1.833
5 í pakka

**Mennt er máttur**
Fimm A4 stílabækur í pakka, Línustrikaðar.
Verð áður kr. 2.320,-




Verð
1.299
krónur

Hringjamappa Hello Kitty.




Verð
999
krónur

Teygjumappa Hello Kitty.

# Skoðaðu úrvalið
## í 60 síðna skólabæklingi á **EYMUNDSSON.IS**







Verð
489
krónur

Kúlupenni Slider Memo frábært að skrifa með, til í mörgum litum




Verð
999
kr. stk.

Teygjumappa Furby.


træti 18
rðustíg 11
nni
ka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

PENNINN
Eymundsson
Bóksali frá 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til 18. ágúst.



**ÁGÚST ÞÓR EIRÍKSSON** Brugðist hefur verið við ábendingum Neytendastofu.

Villandi merkingar á fatnaði:

## Útivistarfatnaðurinn frá Kína

„Við segjum aldrei made in Iceland,“ segir Ágúst Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Drífu, sem framleiðir útivistarfatnaðinn Icewear og Norwear.

Neytendastofa úrskurðaði í gær að fyrirtækið væri brotlegt gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Föt fyrirtækisins, meðal annars lopahúfa og vettlingar, voru merkt með íslenska fánanum.

Vörurnar voru framleiddar meðal annars í Kína en engar merkingar var að finna um uppruna þeirra að öðru leyti. Neytendastofa telur þessa framsetningu villandi fyrir kaupandann, en stór hluti þeirra er ferðamenn sem telja sig vera að kaupa íslenskar vörur.

„Við erum búin að breyta þessu,“ segir Ágúst Þór en fyrirtækið hefur þegar brugðist við athugasemdum Neytendastofu. Aðspurður hvort þeir muni þá að auki merkja vöruna með framleiðslulandi svarar Ágúst: „Það er ekki skylda að gera slíkt. En við leggjum áherslu á að þarna er um íslenska hönnun að ræða.“ - vg

## SPARNAÐARRÁÐ

**1 Semdu um vextina.** Vextir í bönkum eru ekki náttúrulögmál heldur samningsatriði. Athugaðu hvort bankinn geti boðið þér hærri vexti á innlánum og lægri vexti á útlánum.

**2 Borgaðu á réttum tíma.** Ekki draga það að borga reikninga ef þú kemst hjá því. Dráttarvextir leggjast á kröfuna eftir eindaga og mikill innheimtukostnaður leggst á ef reikningurinn liggur lengi ógreiddur.



**3 Sparaðu pappírinn.** Það kostar aukalega að fá greiðsluseðla senda og er óumhverfisvænt.

**4 Stundaðu rafræn viðskipti.** Það kostar ekkert að athuga stöðuna og millifæra í netbanka. Bankar innheimta gjald fyrir ýmsa þjónustu sem er ókeypis í netbanka.

**5 Borgaðu niður yfirdráttinn.** Það er oftast skynsamlegast að borga niður skuldir sem fyrst, því vextir á útlánum bankanna eru yfirleitt mun hærri en innlánsvextir.

**6 Safnaðu fyrir því sem þig langar í.** Ef þú sérð nýjan flatskjá sem þig langar í skaltu forðast í lengstu lög að kaupa hann á lánum. Lán eru dýr og það borgar sig margfalt að safna fyrir hlutum sem mann langar í.

**7 Veldu réttan hraðbanka og notaðu debetkortið.** Bankar innheimta gjald fyrir peningaúttektir í hraðbönkum samkeppnisaðilanna. Notaðu því heldur hraðbankann hjá bankanum þínum. Peningaúttektir með kreditkortum geta líka verið dýrar, svo notaðu heldur debetkortið.

**8 Láttu skuldfæra sjálfkrafa.** Bankar innheimta lægra gjald ef lánin eru skuldfærð sjálfkrafa af reikningi í viðkomandi banka.

**9 Hugsaðu fram í tímann.** Það er mikilvægt að eiga einhvern varasjóð til að mæta skakkaföllum. Það liggur fyrir að hús og bíll þarfnast viðhalds svo ekki sitja uppi með dýrt lán þegar þar að kemur vegna þess að þú gleymdir að gera ráð fyrir þessu.

# Vextir ekki náttúrulögmál

Formaður Neytendasamtakanna segir ýmislegt hægt að gera til að draga úr kostnaði í viðskiptum við banka. Margir geri sér ekki grein fyrir því að vextir séu umsemjanlegir auk þess sem bankarnir rukki ýmis gjöld.

„Fólk á að reyna að semja um betri kjör, sérstaklega ef það er með langa og góða sögu í viðkomandi banka,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

„Það má líka gera ýmislegt annað til að koma betur út úr viðskiptum sínum við bankana. Flestir eru nú komnir með heimabanka en það er töluvert ódýrara að nota hann heldur en að láta bankann sjálfan sjá um millifærslur og gefa upp stöðu á reikningum og fleira, sem hann innheimtir gjald fyrir.“

Hann segir þó mikilvægast að reyna að skulda sem minnst, því það sé alltaf kostnaðarsamt að borga vexti af lánum.

„Besti sparnaðurinn er yfirleitt að greiða upp yfirdráttinn. Hann er fljótur að telja og það er skynsamlegt að gera sér einhverja áætlun til að greiða hann upp sem fyrst,“ segir Jóhannes Gunnarsson.

johanness@frettabladid.is



**„Besti sparnaðurinn er yfirleitt að greiða upp yfirdráttinn.**

*Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna*





**Þér er boðið að reynsluaka Kia cee'd Sportswagon** – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.**

Verð frá **3.570.777 kr.** cee'd Sportswagon dísil

Aðeins **46.100 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

* M.v. 50% útborgun eða uppítökubil að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,64%.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-0081



SKIPTIBÓKAMARKAÐUR
ÓDÝRT Í SKÓLANN !!!
SKÓLABÓKARDÆMI UM SPARNAÐ !!!
iTalk. uListen.
999 kr. 1 stk. A4
iKnow. uDon't.
1.299 kr. 1 stk. A4
iTalk. uListen.
1.299 kr. 1 stk. A4
6.999 kr. Flottasta Taskan
iTalk. uListen.
1.899 kr. I talk, uDon´t
iTalk. uListen.
3.499 kr. Spjaldtölvuhlíf
Artline 200
399 kr. stk
1.799 kr. pennaveski
999 kr. Líttu á úrvalið af 999 kr töskunum
7.999 kr. Batman Taskan
umbro
399 kr. 1 stk.
Auglýsingin gildir til og með 19. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.
Opnunartímar
Alla virka daga og laugardaga Kl. 10-22
Sunnudagar Kl. 13-22
GRIFFILL ALLTAF ÓDÝR
SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010




## LEIÐAKERFI ICELANDAIR STÆKKAR ÖRT

➜ **Staðirnir sem bæst hafa við síðustu ár**




**47%** viðskiptavina Icelandair á öðrum ársfjórðungi komu hingað til lands einungis til þess að millilenda á ferð sinni milli heimsálfa.

- **2013** Anchorage í Alaska, St. Pétursborg í Rússlandi og Zurich í Sviss.
- **2012** Denver í Colorado.
- **2011** Washington DC, Billund í Danmörku, Gautaborg í Svíþjóð, Hamborg í Þýskalandi.
- **2010** Brussel í Belgíu, Þrándheimur í Noregi.
- **2009** Seattle í Bandaríkjunum, Stavanger í Noregi.

# Velgengnin liggur í ferðum allt árið

Framkvæmdastjóri Icelandair segir að lykillinn að góðu gengi fyrirtækisins sé aukið flæði ferðamanna yfir allt árið. Hann telur spurninguna ekki vera hvort landið geti tekið á móti auknum fjölda ferðamanna heldur hvernig.

„Það hefur verið markmið okkar hjá Icelandair að auka ferðamannastrauminn yfir veturinn og við erum því að byggja upp tíðni á þeim vettvangi,“ segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair.

Icelandair hefur aukið framboð sitt á millilandaflugi um 17 prósent milli ára og hefur leiðakerfi flugfélagsins stækkað ört á síðustu árum. „Við höfum verið að bæta við áfangastað á hverju ári. Aukinn straumur flugfarþega milli Ameríku og Evrópu skapar tækifæri fyrir nýja áfangastaði hjá félaginu og Ísland er tilvalinn tengistaður,“ segir Birkir og bætir við að aukið flæði ferðamanna yfir hafið sé stór þáttur í auknum ferðamannastraumi. „Það gefur augaleið að þegar flugum og áfangastöðum fjölgar á fyrirtækið möguleika á að fá fleiri ferðamenn til landsins.“

Hagnaður Icelandair Group nam 2,2 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi í ár. Það er tæplega 30 prósenta aukning frá því á sama tímabili í fyrra. Einnig hafa hlutabréf í félaginu hækkað um 83 prósent frá því á áramótum.

„Við lentum í hremmingum, líkt og flestir, árið 2008 og þurftum að bregðast við minnkandi eftirspurn. Síðan þá höfum við verið með þrettán til átján prósenta framboðsaukningu á ári. Nú höfum náð að finna staði sem gefa okkur gott flæði ferðamanna yfir allt árið, sem er í raun lykillinn að velgengni okkar undanfarin ár.“

Birkir hefur ekki áhyggjur af því að landið beri ekki aukinn fjölda ferðamanna. „Ég held að spurningin sé ekki hvort Ísland geti tekið á móti auknum fjölda ferðamanna heldur hvernig.“

Birkir segir að fjölgun ferðamanna hafi aukist jafnt og þétt síðustu 30 árin og að það sé mýta að aukningin sé óvenju mikil nú. „Síðan 1990 hefur ferðamannafjöldi tvöfaldað sig á hverjum tíu árum. Það komu um 150 þúsund ferðamenn árið 1990, um 300 þúsund árið 2000 og nú eru þeir yfir 600 þúsund. Það er því mjög líklegt og eðlilegt að ferðamannastraumurinn verði kominn yfir milljón innan áratugar.“



> **Ég held að flestir ferðamenn séu tilbúnir til þess að borga fyrir náttúrustaði ef sá peningur fer í uppbyggingu.**
>
> *Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair*

Birkir bendir á að vissulega séu það nokkrir staðir sem verða fyrir átroðningi nokkra mánuði ársins og hann tekur vel í þau áform að fjármagn fáist við uppbyggingu ferðamannastaða hér á landi í gegnum gjaldtöku í einhverju formi. „Við höfum verið jákvæð á að ferðaþjónustan í sameiningu finni leiðir til þess að fjármagna uppbyggingu ferðamannastaða á landinu. Ég held að flestir ferðamenn séu tilbúnir til þess að borga fyrir náttúrustaði ef sá peningur fer í uppbyggingu,“ segir Birkir en telur þó að það sé afar mikilvægt að hafa kerfið skilvirkt og einfalt.

Birkir telur hins vegar að helsta lausnin við auknum fjölda ferðamanna sé að dreifa ferðatímabilinu yfir allt árið og byggja upp ferðamannaiðnaðinn yfir veturinn.

lovisa@frettabladid.is




Vitra Arkitekt WC
8.990,-
án setu
Glæsilegt úrval
MÚRBÚÐARVERÐ
Napoli Hitastýrt tæki með uppstút
(rósettur innfaldar í verði)
10.990,-
NAPOLI hitastýrð blöndunar-
tæki f. baðkar
14.990,-
NAPOLI
hitastýrt
sturtusett
26.900,-
Látúns sturtubarki 1,5m
790,-
NÝ VARA
W&M PS208 sturtuhorn 80cm
48.990,-
4cm SMC botn
6 mm Hert
öryggisgler
FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm
34.690,-
NÝ VARA
W&M EF409 sturtuhorn 90cm
56.990,-
4cm SMC botn
Botnventill og vatnslás fylgja öllum sturtuhornum og sturtuklefum
23.990,-
Vitra
Grand Scandinavia m. setu
NÝ VARA
W&M PF209D sturtuhorn 90 cm
54.990,-
4cm SMC botn
Mikið úrval
3.790,-
2.290,-
2.990,-
1.590,-
CERAVID baðkar 170x75 cm
20.990,-
Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
11.990,-
Superlight sturtuhaus
með ljósi sem breytist
eftir hitastigi
7.490,-
Moon sturtuhaus
9.900,-
NÝ VARA
W&M EHS209 sturtuhorn 90cm
59.990,-
4cm SMC botn
Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og
botnventli
38.900,-
Einnig til 90x90 cm, kr. 39.990,-
MILAN sturtuhorn 90x90 cm með
botni og vatnslás (einnig til 80x80)
22.990,-
CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara.
39.990,-
MÚRBÚÐIN
Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# SKOÐUN

Galin ummæli formanns fjárlaganefndar Alþingis:

## Vigdís á að víkja

Vitað var að Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, ætti hvorki Íslandsmet í snjöllum pólitískum tímasetningum né dómgreind. Ummæli hennar um Ríkisútvarpið í þættinum Í bítið á Bylgjunni í gærmorgun eru hins vegar meira en bara broslegur klaufaskapur. Þau eru grafalvarlegt mál, stöðu þingmannsins vegna.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Hótun Vigdísar í garð RÚV var alveg ódulbúin og umbúðalaus. Hún er örg út í RÚV fyrir að hafa haft rangt eftir sér – sem raunar var leiðrétt í sama fréttatíma. Svo finnst henni fréttastofa RÚV líka bæði of vinstrisinnuð og of Evrópusinnuð. Þegar þáttarstjórnandi Bylgjunnar spurði hana hvort hún hygðist fara lengra með þessar umkvartanir sínar, svaraði hún: „Ég er náttúrlega í þessum hagræðingarhópi. Það liggur allt undir. Mér finnst óeðlilega mikið fjármagn fara í rekstur RÚV, sérstaklega þegar þeir standa sig ekki betur en þetta í fréttaflutningi. Og ég er ekki að tala um mig persónulega heldur almennt hvernig þeir beita sér í almennum fréttaflutningi og eru hlynntir ákveðinni stefnu í landinu.“

Með öðrum orðum: Af því að fréttaflutningur almannaútvarpsins er ekki Vigdísi Hauksdóttur þóknanlegur, vill hún lækka fjárveitingar til þess. Auðvitað getur fólk gagnrýnt fréttaflutning RÚV, rétt eins og annarra fjölmiðla, og rökstutt þá gagnrýni. Það er hins vegar algjörlega galið af þingmanninum að tengja gagnrýni sína við fjármögnun fyrirtækisins, sem hún er í lykilstöðu til að hafa áhrif á, bæði sem formaður fjárlaganefndar og nefndarmaður í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar. Svona getur stjórnmálamaður í vestrænu lýðræðisríki einfaldlega ekki leyft sér að tala.

Ef ummæli Vigdísar standa óhögguð og hún situr áfram í báðum nefndum, er hægt að gera hvers kyns niðurskurð á því fé sem Alþingi skammtar Ríkisútvarpinu tortryggilegan. Og það væri miður, því að það er full ástæða til spara í rekstri RÚV og draga saman samkeppnishamlandi umsvif fyrirtækisins á fjölmiðlamarkaðnum. Það er til dæmis fullkominn óþarfi að ríkið reki heila útvarpsstöð til að útvarpa dægurtónlist og að fé skattgreiðenda fari í að fjármagna innkaup og útsendingar á íþróttaleikjum og bandarísku afþreyingarefni. Þessum verkefnum sinna einkarekin fyrirtæki ágætlega. Vilji menn á annað borð reka ríkisútvarp á áherzlan að vera á upplýsinga- og menningarhlutverk þess.

Afstaða þingmannsins vekur líka upp spurningar um hvort hefnigirnin og misbeiting fjárveitingarvaldsins eigi að gilda á öðrum sviðum í ríkisrekstrinum. Vill Vigdís Hauksdóttir taka fjárveitingar af fleiri ríkisstofnunum af því að hún er ósammála starfsmönnunum, en ekki af því að spara þarf fé skattgreiðenda? Til dæmis af háskólunum?

Eini kosturinn sem Vigdís á er að segja af sér í báðum nefndum. Annars spillir hún og þvælist fyrir þeirri nauðsynlegu sparnaðarvinnu sem fram undan er í ríkisrekstrinum. Ef hún skilur það ekki, hljóta félagar hennar í Framsóknarflokknum að skilja það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kvartað yfir fréttaflutningi

Það er óhætt að segja að fréttastofa RÚV hafi fengið á baukinn hjá **Vigdísi Hauksdóttur** á Bylgjunni í gær. Hún sagði af kynnum sínum af fréttastofunni og þar kom fram að á fjögurra ára þingmannsferli hefði hún einu sinni séð sig knúna til að hafa samband við Efstaleitið til að leiðrétta fréttaflutning þar á bæ. Fékk hún úr því greitt fljótt og vel. En hagræðingarhópurinn getur náttúrlega ekki látið þetta viðgangast. Ein mistök á fjórum árum.



### Vinstri snú

Sú sem vann umrædda frétt á fréttastofunni, sem Vigdís segir eftirláta við ESB og vinstrimenn, er **Sigrún María Hilmarsdóttir.** Hún var eitt sinn framkvæmdastjóri Landssambands sjálfstæðiskvenna. Eiginmaður hennar er Pétur Árni Jónsson, útgefandi Viðskiptablaðsins, sem gaf kost á sér í fimmta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Undarleg þessi tilhneiging hennar til að snúa fréttaflutningi sínum á vinstri veg.



### Vantar niðurskurðarhugmyndir

Það kom einnig fram hjá Vigdísi, sem situr í hagræðingarhóp ríkisstjórnarinnar, að hópur sá óskar eftir hugmyndum almennings um það hvernig hagræða megi. Það er náttúrlega afar ánægjulegt þegar yfirvöld óska eftir aðstoð alemmnings. En flestir hefðu nú haldið að hugmyndaauðgi ríkisstjórnarinnar væri alveg nægilegt í þessum efnum. Væri ekki nær að almenningur hjálpaði þeim með eitthvað annað?

jse@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Höfundarréttur.net

HÖFUNDARRÉTTUR



Jón Þór Ólafsson
þingmaður Pírata

Til að tryggja að höfundar gætu einir hagnast á eigin verkum voru fyrr á öldum sett afritunarákvæði í höfundalögin. Höfundar fengu tímabundið einkaleyfi til að afrita verk sín. Í dag þurfum við að finna aðrar leiðir til að tryggja að höfundar einir geti hagnast á eigin verkum, því að til að framfylgja afritunareinkaleyfinu í nettengdum heimi þarf að njósna um alla netumferð og ritskoða internetið. Þeim fer fjölgandi sem skilja þetta og vilja ekki fórna friðhelgi einkalífs síns eða upplýsingafrelsi á internetinu fyrir afritunarákvæðið sem er úrelt leið til að tryggja að höfundar geti einir hagnast á eigin verkum. Við þurfum ný höfundarréttarákvæði til þess.

Píratar um allan heim leggja til að höfundalögin verði endurskoðuð þannig að höfundarrétthöfum sé tryggt tímabundið einkaleyfi til að hagnast á verkum sínum án þess þó að fá einkaleyfi á að fjölfalda efnið. Það þýðir að fólki verði frjálst að deila efni sín á milli til einkanota en höfundurinn hefur einkaleyfi á því að hagnast á annarri notkun þess. Ný viðskiptalíkön hafa sýnt og sannað að slíkur hagnaður á sér stað þótt efnið sé samtímis aðgengilegt án endurgjalds á internetinu.

### Ný viðskiptalíkön á internetinu

Internetið skapar mikil tækifæri fyrir höfundarrétthafa. Þetta á sérstaklega við um þá sem nýta sér nýju tæknina. Þannig hefur það alltaf verið. Stjórnendur Amazon.com borguðu ekki út arð í áraraðir heldur settu þeir allan hagnað í að byggja upp notendavænt internetsölukerfi, m.a. á rafbókum sem eru í dag mikið keyptar og lítið deilt frítt á internetinu. Nexflix.com veitir ótakmarkaðan aðgang að öllum sínum kvikmyndum og þáttaröðum gegn 1.000 króna mánaðargjaldi, sem undirritaður greiðir glaður. Spotify.com gerir það sama með tónlist. Nýja tæknin er líka að brjóta upp fákeppnismarkaðinn við greiðslumiðlun sem mun gera listamönnum auðveldara að selja aðdáendum sínum „beint frá býli“.

Vissulega verður listafólk og aðrir hugverkarétthafar fyrir óþægindum og oft skaða meðan nýju viðskiptalíkönin sem tryggja munu þeim tekjur í framtíðinni eru í mótun. Tæknibyltingar setja ríkjandi viðskiptahætti í uppnám samhliða því að skapa mikil tækifæri fyrir þá sem læra að nýta sér nýju tæknina. Aðstoðum því skapandi fólk við að finna og skapa nýjar leiðir til að koma verkum sínum í verð á netinu. Hjálpumst svo að við að endurskoða höfundalögin til að þau nái sínum upprunalega tilgangi sem er að tryggja höfundum tímabundið einkaleyfi á því að hagnast á eigin verkum.

**➜ Internetið skapar mikil tækifæri fyrir höfundarréttarhafa.**

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hatur og hugmyndir sem falla ekki í kramið – 1984?

Vegna komu bandarísks predikara á trúarsamkomu þar sem biskup Íslands verður meðal ræðumanna hafa blossað upp deilur. Rúmast afstaða klerksins, sem telur samkynhneigð guði ekki þóknanlega, innan marka tjáningarfrelsis eða fellur hún undir hatursáróður? Svarið er ekki einhlítt.

MANNRÉTTINDI



**Herdís Þorgeirsdóttir**
doktor í lögum og lögmaður

**Tjáningarfrelsi og áróður í garð samkynhneigðra**

Mannréttindadómstóll Evrópu kvað upp þann dóm 2012 að sænsk stjórnvöld hefðu ekki brotið á tjáningarfrelsi ungra manna sem dæmdir voru fyrir brot á hegningarlögum vegna áróðurs gegn samkynhneigðum. Þeir höfðu dreift pésum í hólf nemenda í menntaskóla með þeim skilaboðum að samfélagið hampaði samkynhneigð, sem væri afbrigðileg, hún hefði slæm áhrif á siðferðið í samfélaginu og að lauslæti homma væri orsök útbreiðslu alnæmis.

Hæstiréttur Svíþjóðar mildaði dóm undirréttar, sem hafði dæmt mennina í tveggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi auk greiðslu fjársekta.

**Mannréttindadómstóll Evrópu – í takt við tíðarandann?**

Mennirnir kærðu sænsk stjórnvöld fyrir að hafa brotið á réttindum þeirra fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn taldi að þótt hin umþrættu ummæli féllu ekki beint í flokk hatursárása væru á ferðinni alvarlegir fordómar, sem gætu hreiðrað um sig og leitt til ofbeldis í garð samkynhneigðra. Sænsk stjórnvöld hefðu ekki gengið of langt í að skerða tjáningarfrelsi mannanna; móttakendum áróðurspésanna hefði ekki verið gert kleift að afþakka þá og mennirnir hefðu fengið væga refsingu.

Spyrja má hvort Mannréttindadómstóllinn hafi þarna í sínu fyrsta máli sem laut að áróðri gegn samkynhneigðum látið undan pólitískri rétthugsun í takt við upplýstan tíðaranda – í þeim ríkjum sem hafa veitt samkynhneigðum sama rétt og gagnkynhneigðum – á kostnað tjáningarfrelsis, sem dómstóllinn segir sjálfur að verndi ekki eingöngu hugmyndir sem eru viðteknar heldur einnig þær sem hneyksla og valda uppnámi. Dómstóllinn lét hjá líða að minnast á fælingaráhrif refsingar á opna umræðu.

**Bandaríkin – hatursáróður í þágu opinnar umræðu**

Hæstiréttur Bandaríkjanna tók þveröfugan pól í hæðina 2011 þegar hann komst að þeirri niðurstöðu að meðlimir kirkjusafnaðar sem berst gegn samkynhneigð mættu mótmæla við útför hermanns á grundvelli tjáningarfrelsisins. Mótmælendur gerðu lögreglunni viðvart áður og stóðu þögulir með spjöld fyrir utan kirkjuna sem á stóð „Guði sé lof fyrir látna hermenn – Þið farið til helvítis – Guð hatar homma og Bandaríkin – Guði sé lof fyrir 11. september“.

Hæstiréttur ýtti út af borðinu dómi undirréttar, sem hafði dæmt föður hins látna hermanns 5 milljónir dala í miskabætur. Á þeirri forsendu að stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi megi ekki skerða sagði dómstóllinn málfrelsið vera vald í sjálfu sér. Með því væri unnt að valda öðrum miklum sársauka. Bandaríska þjóðin hefði þó valið þá leið að standa vörð um alla orðræðu, sem innlegg í opinbera umræðu, jafnvel þótt framlagið væri ómerkilegt.

**Rússland – bann við áróðri fyrir samkynhneigð**

Nefnd Evrópuráðsins um lýðræði með lögum (Feneyjanefnd) samþykkti í mars síðastliðnum álit á nýju lagafrumvarpi í Rússlandi, sem bannar áróður fyrir samkynhneigð meðal barna undir lögaldri, sem rússnesk stjórnvöld segja taka mið af þroska þeirra. Feneyjanefndin benti á ríkjandi tilhneigingu í mörgum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu til að banna áróður fyrir samkynhneigð en sagði að bannið stæðist ekki alþjóðleg viðmið eða ákvæði Mannréttindasáttmála um tjáningarfrelsi, fundarfrelsi og bann við mismunun. Enda virtist markmið laganna ekki vera að efla hefðbundin fjölskyldugildi heldur skerða rétt þeirra sem væru öðruvísi.

**Bretland – bann við áróðri fyrir sinnaskiptum**

Hæstiréttur í Bretlandi komst að þeirri niðurstöðu sl. vor að ákvörðun stjórnar strætisvagna London um að banna auglýsingaborða á strætó sem hvöttu samkynhneigða til sinnaskipta væri lögmæt. Á auglýsingaborðunum átti að standa „Ekki hommi – fyrrverandi hommi – stoltur og sættu þig við það“. Þetta var umorðun á frægum slagorðum í Stonewall-mótmælum samkynhneigðra á sjöunda áratug í Bandaríkjunum: „Sumir eru hommar. Sættu þig við það!“

**→ Tjáningarfrelsið verndar ekki aðeins upplýsingar og hugmyndir sem falla í kramið heldur einnig þær sem valda uppnámi, særa, hneyksla og koma róti á hugann.**

Rökin fyrir því að banna auglýsingarnar voru að ungt samkynhneigt fólk ætti margt erfitt uppdráttar, sætti einelti í skólum og yrði fyrir hatursárásum. Áróður fyrir afhommun myndi ýta undir fordóma.

**Vitundarvakning og pólitísk rétthugsun**

Barátta samkynhneigðra hefur eins og önnur mannréttindabarátta kostað blóð, svita og tár. Nú er samkynhneigð varin af friðhelgi einkalífs samkvæmt dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins en lögsaga hans nær til 47 ríkja Evrópuráðsins. Enginn á að gjalda fyrir það hvern hann elskar. Lög heimila skerðingu á tjáningarfrelsi vegna réttinda eða mannorðs annarra. Þar sem þetta er grundvallarréttur og lífæð lýðræðislegs samfélags er varasamt að setja tjáningu þröngar skorður.

Tjáningarfrelsið verndar ekki aðeins upplýsingar og hugmyndir sem falla í kramið heldur einnig þær sem valda uppnámi, særa, hneyksla og koma róti á hugann. Aðalsmerki lýðræðisins er fjölhyggja, umburðarlyndi og víðsýni. Vitundarvakning verður vegna umræðu en ekki vegna þess að þaggað er niður í henni. Baráttan fyrir frelsi krefst stöðugrar árvekni. George Orwell varaði í bókinni 1984 við „Newspeak“, þeirri áráttu valdhafa að afmarka svigrúm orðræðunnar. Tjáningarfrelsið er meginvörn lýðræðisins og árveknin felst í stöðugri gagnrýni, endurnýjun á viðteknum hugmyndum og öflugum andmælum við tilhneigingu ráðandi afla til að njörva niður kerfi rétthugsunar.

# Stóra regnhlífin?

Í langtímastjórnmálum snúast verkefnin um að móta helstu grunnþætti samfélagsins, ýmist ýta þeim í átt að miklum jöfnuði og völdum alþýðu manna eða í hina áttina, sem lengst að úrslitaáhrifum fjármagns og markaðar. Um þetta eru stofnaðir flokkar og enn aðrir raða sér á milli pólanna. Í stjórnmálum kjörtímabilsins og daglegum samfélagsrekstri eru málefnin margþættari og nærtækari og fólk uppteknara af þeim en þróuninni til áratuga. Á þessum seinni vettvangi eru flokkarnir jafnan starfsamari en við störf að endurmótun samfélagsins, enda þótt þarna séu alls ekki skörp skil á milli.

STJÓRNMÁL



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

Þegar nú Margrét S. Björnsdóttir (S) rifjar upp nauðsyn þess að vinstrisinnað fólk sameinist til verka er vert að halda mun á langtíma- og skammtímamarkmiðum í stjórnmálastarfi til haga. Enn fremur vert að rifja upp tilraunir Vilmundar Gylfasonar til að mynda raunverulega samfylkingu vinstri smáflokka og stærri flokka fyrir margt löngu. Í þeim sviptingum tók ég þátt, áður en ég steig út fyrir flokkssviðin snemma á níunda áratugnum. Tilraunin mistókst eins og sagan vitnar um.

**Sveigjanleg stefna**

Ólíkum vinstristefnum um grunnþætti samfélagsins er ekki áskapað, eins og einhverju náttúrufyrirbæri á borð við þúsundfætlu, að geta ekki náð saman um vitrænan samfélagsrekstur til fáeinna ára í senn. Áfram geta menn í regnhlífasamtökum margra félagshyggjusamtaka (á borð við bandalagið sem stofna átti á sínum tíma) deilt um margt og þróast á sínum forsendum. En fólkið kemur sér þó meðvitað saman um fáeina grunnþætti samstarfs; skýra langtímaviljayfirlýsingu. Hún snýst t.d. um eindregna beygju samfélagsins til jöfnuðar og frelsis einstaklinga, um mannréttindi, auðlindastefnu, umhverfismál og fleira. Til viðbótar koma menn sér svo saman um sveigjanlega stefnu í helstu úrlausnarefnum dagsins hverju sinni. Í því liggur slagkrafturinn. Það er gert á lýðræðislegan hátt og gengið út frá því að minnihluti sem til verður við vandaða ákvörðun í tilteknu málefni virði vilja meirihlutans hverju sinni. Þannig myndast öflug og starfhæf heild hvað sem skoðanamun líður. Um leið þarf að spyrja almenning um upplýsta afstöðu í veigamiklum málum.

**→ Ólíkum vinstristefnum um grunnþætti samfélagsins er ekki áskapað, eins og einhverju náttúrufyrirbæri á borð við þúsundfætlu, að geta ekki náð saman í takti um vitrænan samfélagsrekstur til fáeinna ára í senn.**

Hafi Margrét og fjölmargir aðrir sem harma sundurlyndi á vinstri vængnum hug á að „sameina félagshyggjufólk“ þarf að huga að rammanum og starfsháttunum, fyrst af öllu.



## MERKISATBURÐIR

**1945** Síðari heimsstyrjöldinni lauk með því að Japanir gáfust upp.

**1967** Svifnökkvi kom til Íslands og voru gerðar tilraunir með hann á milli Vestmannaeyja og lands og Reykjavíkur og Akraness. Einnig var hann reyndur á Ölfusá.

**1969** Tónlistarhátíðin kennd við Woodstock var fyrst haldin 15. ágúst árið 1969 og stóð í þrjá daga. Hátíðin var skipulögð af félögunum Michael Lang, John Roberts, Joel Rosenman og Artie Kornfeld. Hún fór fram á túni við mjólkurbú í hinum afskekkta bæ Bethel í New York í Bandaríkjunum.



**1971** Minnisvarði var afhjúpaður um Stefán Ólafsson skáld (1619-1688) í Vallanesi í Suður-Múlasýslu, þar sem hann þjónaði sem prestur.

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EIRÍKUR GUÐMUNDSSON**
**Reynimel 64, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 12. ágúst. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

**Rakel Sveinbjörnsdóttir**
**Guðmundur Eiríksson** **Jóna Sigríður Jónsdóttir**
**Jón Eiríksson** **Þórunn Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar elskulegi

**ANDRI VATNAR RÚRIKSSON**

lést á heimili sínu að Sólheimum 21b föstudaginn 9. ágúst sl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 16. ágúst nk. klukkan 15.00.

**Rúrik Vatnarsson** **Sigríður Sigurðardóttir**
**Harpa Helgadóttir** **Dagbjört Sigurbergsdóttir**
**Sigurberg Rúriksson**
**Lilja Rúriksdóttir**
**Dagbjört Rúriksdóttir**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSGERÐUR INGIMARSDÓTTIR**
**Fróðengi 7,**
**áður Sigluvogi 3,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 5. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 16. ágúst kl. 13.00.

**Victor Ágústsson**
**Sólveig Victorsdóttir**
**Ágúst Victorsson** **Ólöf Alfreðsdóttir**
**Ingimar H. Victorsson** **Sonja Jónasdóttir**
**Victor Örn Victorsson** **Rúna Stína Ásgrímsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓN JÓHANNESSON**
**Munkaþverárstræti 23, Akureyri,**

lést á heimili sínu laugardaginn 10. ágúst. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 21. ágúst klukkan 13.30.

**Sigrún Magnúsdóttir**
**Kristín Jónsdóttir** **Rafn Marteinsson**
**Sigrún Ingveldur Jónsdóttir** **Arnar Árnason**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 15. ÁGÚST 1933

# Lindbergh kemur til Íslands

Þennan dag árið 1933 kom flugkappinn Charles Lindbergh til Íslands. Hann kom til Íslands frá Grænlandi ásamt konu sinni. Hann lenti á Viðeyjarsundi og gisti ásamt konu sinni í vélinni yfir nótt. Þau hjónin flugu síðan áfram norður og austur um land og fóru frá Eskifirði til Færeyja 23. ágúst.
Tilgangur Lindberghs var að kanna flugleiðina yfir Atlantshaf fyrir flugfélagið Pan-American sem hafði hug á að hefja flugrekstur á þessari leið.
Charles varð heimsfrægur yfir nótt árið 1927 þegar hann flaug viðstöðulaust og einn yfir Atlantshafið, frá New York til Parísar. Síðar komst Lindbergh einnig í fréttirnar þegar ungum syni þeirra hjóna var rænt og hann myrtur.

*Heimild: Wikipedia og Ísland í aldanna rás.*



# Sagnfræðingar sem hafa orðspor að verja

Sagnfræðingarnir Stefán Pálsson og Ragnar Kristinsson senda frá sér borðspil um Íslandssöguna fyrir jólin næstu. Stefán segir að líta megi svo á að þeir séu að bregðast við kalli ríkisstjórnarinnar um aukna sögumiðlun- og kennslu.

„Við erum báðir sagnfræðingar og höfum því smá orðspor að verja og verðum að gera þetta vel á þessum tímum þjóðmenningar. Ætli það megi ekki líta svo á að við séum að bregðast við kalli ríkisstjórnarinnar, sem vill blása í lúðra varðandi alla sögumiðlun og sögukennslu. Spilið gæti því orðið þjóðmenningarlegasta möndlugjöf sem sögur fara af," segir sagnfræðingurinn Stefán Pálsson, sem gefur út borðspil um Íslandssöguna fyrir jólin næstu ásamt kollega sínum, Ragnari Kristinssyni.

Stefán segir Íslandssöguspilið, sem kemur út í nóvember, byggja á þeirri hugmynd að Íslandssagan sé skemmtileg og þetta sé góð leið til að miðla henni. „Þetta er ekki spurningaspil, svo ekki verður um það að ræða að sögufróði afinn mali alla keppinauta sína, heldur geta allir keppt á jafnréttisgrundvelli og innbyrt fróðleik í leiðinni. Keppendur fara í gegnum söguna með spilamönnum og teningum og draga meðal annars spil sem senda þá fram og aftur um Íslandssöguna. Svo geta keppendur tekið áhættu og veðjað á atburði sögunnar, eða brugðið fæti fyrir keppendurna. Eineltisþátturinn er mikilvægur í þessu spili eins og í öllum góðum borðspilum," útskýrir Stefán og hlær við. „Þarna er allt fullt af vígalegum víkingum, misyndisfólki og vinalegu sauðfé og keppendur geta valið að vera allt frá Axlar-Birni til Magnúsar Stephensen."



**SAGNFRÆÐINGUR** Stefán Pálsson segir gamla Söguspilið, sem kom út á áttunda áratugnum, endurspegla aðra söguskoðun en nýtt borðspil þeirra Ragnars Kristinssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefán segir þá Ragnar, en þeir námu sagnfræði saman í Háskóla Íslands, muna vel eftir gamla Söguspilinu sem gefið var út á áttunda áratug síðustu aldar. Aðspurður segir hann það spil gott og gilt fyrir sinn hatt en þó afar karlmiðað. „Konurnar hafa verið fremur andlitslausar í sögubókum og við þurftum því að ganga í það verkefni að gera þær sýnilegar í spilinu. Spilið okkar endurspeglar kannski aðra sögusýn en gamla spilið," segir Stefán.

kjartan@frettabladid.is

# Dansverk frumflutt á opnun

Kirkjulistahátíð verður sett í Hallgrímskirkju á morgun.

Næstkomandi föstudag, 16. ágúst, verður Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju sett með hátíðardagskrá í kirkjunni. Við setninguna kemur fram hópur listafólks sem tekur þátt í tónleikum á hátíðinni, auk þess sem frumflutt verður dansverk Sigríðar Soffíu Níelsdóttur og opnuð sýningin Vatn, sem Guðrún Kristjánsdóttir hefur gert sérstaklega fyrir Kirkjulistahátíð 2013.

Á Kirkjulistahátíð verður boðið upp á átta tónleika, myndlistarsýningu, listasmiðju barnanna, fyrirlestur og hátíðlegt helgihald. Um 400 listamenn koma fram og búist er við að alls 4.000 manns muni sækja dagskrá hátíðarinnar í þá tíu daga sem hún stendur. Þetta er í þrettánda sinn sem Kirkjulistahátíðin er haldin en segja má að hún sé dótturfyrirtæki Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Umfangsmestu tónleikarnir eru kór- og hljómsveitartónleikar með verkum eftir eistneska tónskáldið Arvo Pärt, þar sem kammerkórinn Schola cantorum og stór strengjasveit flytja dagskrá með verkum þessa heimsfræga tónskálds. Einsöngvarar á tónleikunum eru hin eistneska Tui Hirv sópran og Fjölnir Ólafsson barítón, sem bæði eru að hefja sinn feril sem einsöngvarar. Auk nokkurra smærri verka verða flutt verkin Agaþon ábóti og Harmagrátur Adams, en síðarnefnda verkið er alveg nýtt og hefur þegar vakið mikla athygli víða um heim. Nánari upplýsingar má finna á kirkjulistahatid.is.



**HALLGRÍMSKIRKJA** Kirkjulistahátíð verður sett á morgun.

# Ragnar Þórisson í Kling og Bang

Stærri strigar og aukið frelsi á sýningu á nýjum myndum listamannsins.



Ragnar Þórisson opnar einkasýningu á nýjum málverkum í Kling & Bang gallerí næstkomandi laugardag, 17. ágúst, klukkan 17.

Málverkin á sýningunni bera höfundareinkenni Ragnars; dempaða litapallettu, óræðar mannsmyndir og álút en sterk form. Litatónarnir stillast fínlega af og strigarnir hafa stækkað, sem opnar fyrir aukið frelsi og annað flæði. Ragnar útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskólans vorið 2010 og hefur unnið að list sinni æ síðan.

**EINKASÝNING** Ragnar Þórisson opnar sýningu í Kling og Bang á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## BERJADAGAR - TÓNLISTARHÁTÍÐ

**Nú stendur yfir tónlistarveisla á Berjadögum á Ólafsfirði. Margir þekktir tónlistarmenn koma fram á hátíðinni sem stendur alla helgina. Hægt er að kynna sér dagskrána á berjadagar-artfest.com. Annað kvöld verður til dæmis flutt frumsamið efni frá Hilmari Erni Hilmarssyni í Ólafsfjarðarkirkju.**

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Alþjóðleg ferðaráðgjöf
IATA UFTAA Authorised Training Centre
Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa" til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is



Ferðamálaskóli Íslands
Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



# HREINSIEFNI FYRIR ÓHREINDINDI OG BLETTI

**MÁLNINGARVÖRUR KYNNA** *Nú fæst mikið úrval öflugra efna sem taka á öllum þáttum varðandi viðhald og hreinsun bíla.*

Málningarvörur ehf. hefur um árabil sérhæft sig í fjölbreyttri þjónustu og gæðavörum fyrir bíleigendur og fyrirtæki sem þjónusta þá. Fyrirtækið hefur meðal annars boðið upp á vandaðar hreinsivörur frá þekktum framleiðendum sem henta mjög vel íslenskum aðstæðum að sögn Karls Jónssonar, framkvæmdastjóra Málningarvara. „Við erum þekktir fyrir faglega ráðgjöf og góða þjónustu varðandi hvers konar hreinsivörur skuli nota á bílinn. Nýlega hófum við til dæmis sölu á nýju efni sem tekur í burtu bletti af lakki bíla sem líkjast vatnsdropum, þótt búið sé að þvo bílinn. Þessir blettir eiga uppruna sinn úr kísli úr vatni, jafnvel mengun og súru regni, og þekkist þetta víða í kringum orkuveitur, til dæmis uppi á Hellisheiði og við Svartsengi. Þetta efni heitir Waterspot remover og dugar á alla bíla, lakk þeirra, rúður, hert plast og króm. Það er sett á eins og bón og er mjög auðvelt að vinna með það."

Af öðrum frábærum hreinsiefnum nefnir Karl efni sem hreinsa felgur á bílum. „Felgur verða oft gular með aldrinum. Þótt tjöruhreinsir sé notaður næst ekki sótið af felgunum. Við bjóðum upp á úrvals efni frá Concept og Meguiar´s sem er mjög handhægt að vinna með. Efninu er bara úðað á felgurnar og óhreinindi hreinsuð af með felgubursta."

Á þessum árstíma ferðast Íslendingar mikið um landið og þá festast gjarnan flugur við lakkið. „Við bjóðum upp á mjög góð efni til að hreinsa fluguklessur af bílum. Því er úðað yfir bílinn og þær síðan þrifnar af með svampi eða háþrýstiúða." Karl nefnir einnig bón sem fyrirtækið hóf nýlega sölu á. „Það er sérstaklega ætlað dökkum og ljósum bílum. Þetta er mjög góð vara sem við höfum ekki boðið upp á áður og ég mæli sérstaklega með."

**FAGMENN**
Þorbjörn og Steindór, ásamt öðrum starfsmönnum Málningarvara, veita bíleigendum úrvalsráðgjöf varðandi hreinsivörur.
MYND/DANÍEL

**GÓÐ STAÐSETNING**
***Verslun Málningarvara í Reykjavík er í Lágmúla 9, bakhúsi. Opið er virka daga vikunnar á milli kl. 8-18.***

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com
Recognized for Excellence WOMEN CERTIFIED
- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Frábært tilboð
REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-
REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-
Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-
Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**ENDURNÝTING** Kristína Berman textíl- og fatahönnuður saumar mikið upp úr gömlum fötum og litar. Hún saumaði sér dragsíðan sumarkjól þegar hún fann ekkert sem henni líkaði í búð. MYND/KRBERMAN

# ÞURRKAR SILKIÐ Í FJALLALOFTINU

**FATAHÖNNUN** *Kristína Berman handlitar silki fyrir tískumerkið Ellu á vinnustofu sinni við Siglufjörð. Hún er hrifin af endurnýtingu og saumaði sér dragsíðan sumarkjól úr gömlum flíkum og litaði hann sjálf.*

Mig langaði í síðan sumarkjól. Ég er hávaxin og það passar ekkert á mig í búðum og aldrei til akkúrat það sem mig langar í. Ég saumaði því kjól upp úr gömlum flíkum og litaði,“ segir Kristína Berman, textíl- og fatahönnuður þegar Fólk sló á þráðinn til hennar norður á Siglufjörð þar sem fjölskyldan býr á sumrin. Á veturna búa þau í Reykjavík og er Kristína með vinnustofu á báðum stöðum.

„Þetta er svolítið rómantískt. Ég er með bílskúrshurð á kjallaranum og get opnað út og þá blasir fjallasýnin við. Það er dásamlegt að vinna svona,“ segir Kristína, en í sumar hefur hún meðal annars litað fyrir tískumerkið Ellu. „Ég lita reglulega silki fyrir Ellu. Yfirleitt eru þetta um þrjátíu metrar í einu sem fara þá í flíkur sem eiga að vera sérstakir augnakonfektmolar í búðinni. Af því að efnið er handlitað verða bútarnir aldrei alveg nákvæmlega eins en við erum sammála um að það sé sjarmerandi. Svo þurrka ég silkið í siglfirska fjallaloftinu,“ segir Kristína.

Hún segir verkefnin fjölbreytt en hún hefur meðal annars litað fyrir víkingasögufélög, nemendur í fatahönnun og fyrir leikhús. Ella er þó eina tískumerkið sem Kristína litar fyrir enn sem komið er en hún segist þó finna fyrir áhuga á handlituðum efnum hjá íslenskum fatahönnuðum. Það geti einnig verið hagkvæmara þegar upp er staðið að láta handlita færri metra af efni en panta í miklu magni að utan. „Ef flíkurnar seljast ekki og fólk situr uppi með lager af fötum sem ekki verða notuð er það ákveðin sóun. Þetta er líka samviskuspurning.“

*En eru þeir margir sem handlita tau á Íslandi?* „Ég veit reyndar ekki til þess en þó kunna þetta nokkrar. Textílhönnun er ekki kennd lengur hér á landi eftir að Myndlista- og handíðaskólinn varð að Listaháskólanum. En mér er umhugað um að fleiri læri þetta handbragð og hef haldið nokkur námskeið sjálf,“ segir Kristína.

Þá segir hún börnin sín mjög áhugasöm um handbragðið svo líklega taki þau við keflinu af henni. „Þau eru líka mjög hrifin af hugmyndinni um endurnýtingu og við erum oft að búa til kjóla og skyrtur á þau upp úr gömlu, sem þau fá síðan að lita sjálf. Þetta endar sjálfsagt í „fjölskyldubisness“,“ segir Kristína hlæjandi.

Nánar má forvitnast um hönnun Kristínu á síðunni krberman á Facebook.



**LITAR FYRIR ELLU** Kristína handlitar reglulega fyrir tískumerkið Ellu og segir aukinn áhuga fyrir handlituðum efnum hjá íslenskum fatahönnuðum. Silkið þurrkar hún í norðlensku fjallaloftinu. MYND/KRBERMAN

# SKÓR ÁN SAUMA OG LÍMS

*Hollenskur vöruhönnuður hannar saumlausa og límlausa leðurskó sem framleiddir eru í Hollandi og hafa vakið mikla athygli.*

Hollenskur vöruhönnuður, Anna Korshun, hefur hannað skó þar sem hvorki lím né saumavélar koma við sögu. Sólanum og innlegginu er smellt saman utan um ytra byrðið, sem er úr tilskornu leðri og samskeytunum lokað með þunnu gúmmílagi. Anna hannaði smellutæknina með styrk frá SFA -hönnunarsjóði arkitekta í Hollandi.

Í umfjöllun á Coolhunting.com lýsir Anna því hvernig stóll eftir ísraelska hönnuðinn Gil Sheffi varð henni innblástur að skónum en ekkert lím er notað til að halda stólnum saman. Þá fannst henni að einfalda mætti framleiðsluferli á skóm yfirleitt og hraða því einnig.

Skórnir eru framleiddir í Hollandi og sem stendur einungis fáanlegir þar. Í framhaldinu segist Anna ætla að hanna vetrarstígvél með sömu tækni og þá er hún með hugmyndir um lífræna skó úr „náttúrulegu plasti“, unnu úr kartöflum.

Nánar má forvitnast um skóhönnun Önnu Korshun á www.annakorshun.com.



**HOLLENSK HÖNNUN** Anna Korshun vildi nálgast framleiðsluferli á skóm á nýjan hátt og hannaði smellutækni við samsetningu á skóm. Hvorki lím né saumavélar koma við sögu. MYND/ANNA KORSHUN

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Síðustu dagar útsölunnar
50% afsláttur
af allri útsöluvöru
Flottur fatnaður á frábæru verði.
- Nýtt kortatímabil -
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook



Flott föt fyrir flottar konur
Stærðir 38-58
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



ÚTSÖLULOK
Aðeins 3 verð
1000.kr
3000. kr
5000.kr
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Við erum á Facebook



# HAUSTLÍNAN 2013

**STÆRÐIR 34-46**

**nýtt kortatímabil**

# TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar
á Facebook

# ÚTSÖLULOK!

## 60% AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM!

**Verðdæmi:**

Gerke buxur, verð áður 14.980, verð nú 5.992 Apanage kjóll, verð áður 25.980, verð nú 10.392

Högl skór, verð áður 28.980, verð nú 11.592 Magnús leðurjakki, verð áður 59.980, verð nú 23.992



**Opnunartími:**

**Laugardagur 10-16** **Sunnudagur 13-18**

**nýtt kortatímabil**

*hjá Hrafnhildi*

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook











# HEITT Í HAUST

**SUMARIÐ LÍÐUR** *Nú þegar haustið nálgast þarf að fara að huga að því að lífga upp á fataskápinn. Hausttískan lítur vel út þetta árið.*

Nú þegar sumarið er að líða undir lok fara nýjar vörur að streyma í verslanir. Þá er gott að huga að klæðnaði fyrir haustið. Það er þó væntanlega ekki mikil breyting á fötunum sem margir Íslendingar hafa klæðst í sumar vegna veðurs. Samt er nauðsynlegt að fá sér nýja flík til að lífga upp á fataskápinn.



**KÁPUR** Kápurnar geta gert mikið fyrir heildarútlitið. Þær sem hafa verið áberandi á tískupöllunum fyrir haustið eru síðar og víðar kápur í dökkum litum og pastellitum. Hægt er að finna fallegar kápur í flestum búðum, enda voru þær einnig áberandi í fyrravetur og margir hafa skipt út úlpunni fyrir fallega kápu.

**SKÓR MEÐ SYLGJUM** Í fyrra voru reimuðu skórnir í sviðsljósinu en nú virðast svartir skór með beltissylgjum ætla að taka við. Skórnir geta ýmist verið úr leðri, rúskinni eða með snákaskinnsáferð. Þeir passa við allt hvort sem tilefnið er fínt eða hversdags.

**GULLKEÐJUR** Það hefur ekki fram hjá neinum að gullkeðjurnar hafi komið sterkar inn í sumar. Vinsældum þeirra mun ekki linna í haust enda klassískur fylgihlutur. Hægt er að nota þær yfir peysur, við boli, kjóla og margt fleira.

**VÍÐAR BUXUR** Jakkafatabuxurnar hafa verið að koma aftur í tísku eftir að hafa verið í algleymingi frá því um aldamótin. Íþróttabuxur og mynstraðar víðar buxur verða einnig vinsælar í haust. Einstaklega þægileg tíska sem að allir geta nýtt sér.

gunnhildur@365.is



# DISKÓ OG GLIMMER Á TÍSKUVIKU

**AFTUR TIL FORTÍÐAR** *Tískuvikan í Kaupmannahöfn var haldin um síðustu helgi í sýningarhöllinni Bella Center. Þar var sýnd vor- og sumartíska 2014 og glæsileikinn allsráðandi.*

Meðal þeirra sem sýndu var danska fyrirtækið Moonspoon sem er með útibú í Los Angeles. Hönnuðir fyrirtækisins eru Sara Sachs, Evren Tekinoktay og Tal R.

Moonspoon hefur vakið athygli fyrir sérstæðan, skandinavískan fatnað sem fræga fólkið hefur fallið fyrir. Eins og sjá má á myndunum er glamúr og glimmer í hönnun Moonspoon og sögðu tískulöggur greinilegt að diskótíminn væri að lifna við. Meðal annars sýndi fyrirtækið glimmerskó með mjög háum botni, ekki ólíkt því sem þekktist í diskóæðinu á sínum tíma. „Hönnun þeirra minnir á sveittar nætur í Studíó 54 í New York," sagði danska blaðið BT.

Meðal gesta á tískuvikunni var Mary krónprinsessa sem virtist skemmta sér vel á tískusýningunum sem boðið var upp á.

Tískuvikan skiptir miklu máli fyrir Kaupmannahöfn. Gestir koma víða að og hótelnýting er mjög góð þessa daga. Yfir 50 þúsund manns, viðskiptavinir, hönnuðir, blaðamenn og tískufólk, koma á sýninguna. Gestum hefur fjölgað mikið síðustu ár en þeir voru 31 þúsund árið 2006 en 63.235 í ágúst í fyrra.


Laugardagskvöld kl. 19:50
VEISTU
hver ég var?
Siggi Hlö stýrir laufléttum og skemmtilegum spurningaþáttum á Stöð 2 á laugardagskvöldum. Tími til að túpera hárið, setja upp axlapúðana og rifja upp skrikkdans taktana.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
2 HD
GREASE
MINI-POPS
VEISTU hver ég var?

## BÍLAR & FARARTÆKI

**bifreiðasalan**



GMC K3500 4wd. Árgerð 1993, ekinn 240 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.170005.



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2007, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.240.000. Rnr.170107.



**7 MANNA DÍSEL**

CITROEN C4 picasso comfort. Árgerð 2008, ekinn 79 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.170087.

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 110 Rvk**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

**Bílalíf**



**OFFROAD E1 - 1490Þ!!!**

Hálendið here we come.....vel útbúinn og öflugur ferðavagn sem lítur út sem nýr. Fleetwood Evolution E1 árg.2008. Svefnpláss f. 6-8 manns. Ísskápur, eldavél, fortjald o.fl. Tilboðsverð 1490þ. Er á staðnum. BÍLALÍF Klettháls.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

**NETBÍLAR www.netbilar.is**



**GLÆSILEGT EINTAK**

M.BENZ Glk 220 cdi 4matic glk-220 Árgerð 2012, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.190.000. Rnr.105530. Netbílar.is 5885300.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

**HEIMS BÍLAR**



VOLVO S40 2,0 turbó dísel. Árgerð 2008, ekinn 179 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Leður sæti,álfelgur. bíllinn er á staðnum Verð 2.490.000. Rnr.334532. ATH tilboðsverð 2.100.000 staðgreitt



BMW 545i. Árgerð 2004, ekinn 128 Þ.KM, bensín, Einn fallegasti BMW á landinu!!! sjálfskiptur.18" HAMANN felgur og spoilerar,Karbon fiber spoiler,toppur .M5 look,sóllúga,leður ofl Verð 3.890.000. Bíllinn er á staðnum. Staðgreitt 3.290.000 Rnr.321650.



Leikkonan hefur áður sagt í viðtölum að hún hafi aldrei farið í lýtaaðgerð. Hún vill miklu frekar lifa heilbrigðu lífi. „Leyndarmál mitt er að það er ekkert leyndarmál. Ég geri bara allt sem maður á að gera. Ég borða rétt, ég sef, stunda líkamsrækt og er hamingjusöm. Ég á yndislega fjölskyldu og góða vini. Ég vel aðeins góða hluti og heilbrigða."

Stone segist fá stöðug tilboð frá lýtalæknum sem vilja „lagfæra" andlit hennar. Hún segist eitt sinn hafa verið nálægt því að láta undan en hætti við af því að henni fannst það óþarfi.




# Hötum fortíðina

BAKPANKAR
Dóra
DNA



Það er ekkert verra en að hlusta á einhvern mæra eitthvað gamalt. Allt sem er nýtt er betra en það sem er gamalt. Denzel Washington er miklu betri leikari en Sir Laurence Olivier, Mike Tyson hefði getað lamið Muhammed Ali með annarri og Pelé kæmist varla í liðið hjá Ungmennafélaginu Magna á Grenivík.

**FYRIR** utan hvað fortíðarþrá er hvimleið og þreytandi, er hún fyrst og fremst hættuleg. Nostalgía er ógn við íslenskt samfélag. Hún upphefur gamla þvælu á kostnað þess sem við vitum að er rétt. Óumdeilanlega er þjóðin föst í greipum manna sem komast ekki yfir þá staðreynd að Ísland varð ekki að bændasamfélagi. Þá er ég ekki að tala um þjóðmenningartuðið í forsætisráðherra, heldur regluverk og venjur sem miða að því að mylja undir dauðadæmdan bissness og óhæfa búskussa.

**OG** þetta nær lengra. Til dæmis eru hvalir veiddir, skornir og verkaðir í bullandi tapi í Hvalfirði. Einungis vegna þess að Kristján Loftsson verður klökkur af söknuði um gamla tíma þegar hann keyrir inn í fjörðinn, með Óðin Valdimarsson í botni, og sér dýrin dregin á land og flensarana með tungurnar úti. Þetta er eins og að halda úti eigin iðnaðarsafni fyrir mörg hundruð milljónir á ári – bara til þess að geta sofnað aðeins betur á kvöldin.

**GAMLA** Ísland er vonda Ísland, ljóta Ísland. Karla-Ísland þar sem menn í of stórum jakkafötum tóku ákvarðanir sem byggðu einungis á möntrunni „Velkominn í minn heim þar sem mínir hagsmunir eru öllu ofar". Samfélag þar sem var fussað yfir þeim sem horfðu fram á veginn og beðið til guðs um að ástandið myndi ekki skána – heldur fyrir alla muni haldast eins. Gamla Ísland er hrætt um að samkynhneigð skemmi börn þess og að ferðamenn skemmi miðbæ þess. Að Evrópusambandið éti fisk þess og að Bandaríkjamenn sofi hjá konum þess. Með öðrum orðum, það er forpokað og ógeðslegt. Fortíðar-Ísland og fortíðin almennt er fyrirbæri sem við þurfum að hlæja að en ekki sakna. Við eigum ekki bara að setja hana inn á safn, heldur í búr, til að vera fullviss um að þessir andskotans draugar sleppi ekki út.



**HJÓN Á FRUMSÝNINGU** Leikstjórinn Baltasar Kormákur ásamt eiginkonu sinni Lilju Pálmadóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fögnuðu 2 Guns

Hollywood-mynd Baltasars Kormáks, 2 Guns, var forsýnd í Smárabíói á þriðjudagskvöld. Margt var um manninn og mikil eftirvænting lá í loftinu.



**FJÓLA OG JÓN GUNNAR** Fjóla Katrín og Jón Gunnar Geirdal létu sig ekki vanta.



**SÁU 2 GUNS** Hjónin Vala Ágústa Káradóttir og Gísli Marteinn Baldursson ásamt Sigmari Vilhjálmssyni.



**SENDIHERRA** Louis Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, mætti á frumsýninguna ásamt syni sínum, Louis M. Arreaga.



**Í SMÁRABÍÓI** Ágústa Johnson og þingmaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson voru í Smárabíói.

**SAMAN** Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Skúli Mogensen mættu saman á 2 Guns.

BÍÓ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
POWERSÝNING KL. 10.15

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | 5, 8, 10.15(P) | 14 |
| THE WAY WAY BACK | 8, 10.10 | 12 |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50, 6 2D | L |
| R.I.P.D. | 10.10 3D | 10 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50, 6 2D | L |
| THE HEAT | 8 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
JENNIFER ANISTON, JASON SUDEIKIS OG ED HELMS Í FYNDNUSTU GRÍNMYND ÞESSA ÁRS
„VIRKILEGA FYNDIN!"
„SPRENGHLÆGILEG."
„BESTA GRÍNMYND ÁRSINS!"
WE'RE THE MILLERS
DENZEL WASHINGTON MARK WAHLBERG 2 GUNS
RED 2 „JAFNVEL SKEMMTILEGRI EN FYRRI MYNDIN"
STÓRKOSTLEG TEIKNIMYND FRÁ SNILLINGUNUM HJÁ DISNEY/PIXAR SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN
Arion banki
JASON STATHAM HUMMINGBIRD
BRAD PITT WORLD WAR Z

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 3:20-5:40-6:30-8-9-10:30-11:20 | 12 |
| WE'RE THE MILLERS VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| RED 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 3:20 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 4 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENS TAL 2D | KL. 10:30 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 TILBOÐ 400 KR. | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| HUMMINGBIRD | KL. 10:30 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| HUMMINGBIRD | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| STRUMPARNIR 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3 | L |
| STRUMPARNIR 2 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| PACIFIC RIM 2D | KL. 10:20 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10:30 | 14 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
DENZEL WASHINGTON MARK WAHLBERG 2 GUNS LÚXUS
Partý, strákar, kynlíf ...listinn er langur
The To Do List
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR LITTLE MISS SUNSHINE OG JUNO
BÚIÐ YKKUR UNDIR ÓÞEKKTIR!
-H.S., MBL
-T.V., S&H - BÍÓVEFURINN
WOLVERINE
GROWN UPS 2
THE HEAT

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 2 GUNS LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| THE TO DO LIST | KL. 8 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 8 -10.20 | L |
| THE HEAT | KL. 10.20 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| WAY WAY BACK | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| GROWN UPS | KL. 5.40 | L |
| THIS IS THE END | KL. 8 - 10.25 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D | KL. 6 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10 (16) / WOLVERINE 3D KL. 10 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 6 - 8 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

DANSGLEÐI með:

skemmtilegri










# Fagfólk DanceCenter & Kameron Bink úr So You Think You Can Dance?

## Vandaðir danstímar & glæsileg sýning í hörpunni!

## Opið hús 26. -31. ágúst þegar önnin hefst!

## Forskráning nú þegar hafin á dancecenter.is!
















## STUNDASKRÁ – Grensávegur

| | Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudagur | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 14.00-15.00 | | | | | | Barnadansar 4-6 ára: Mini-Hip Hop, Jazzballett & ballett |
| 15.00-16.00 | | | | | | Break 5-12 ára |
| 17.30-18.30 | | | | | Break 5-12 ára (18.50-19.50) | |
| 19.00-20.00 | 10-12 ára Kameron | 7-9 ára (18.50-19.50) Kameron og Thelma Tara | | 7-9 ára (18.50-19.50) Thelma Tara | 10-12 ára (18.30-19.30) Kameron | |
| 20.00-21.00 | 16-19, 20+ Kameron | 13-15 ára (19.50-20.50) Kameron | | 16-19, 20+ (19.50-20.50) Kameron | 13-15 ára (19.30-20.30) Kameron | Stundaskrá fyrir Mjódd er á dancecenter.is |
| 21.00-22.00 | Nútímadans Kameron | SjóðHeitt ZUMBA (20.50-21.50) | | Nútímadans (20.50-21.50) Kameron | | |
| | Break | Nútímadans | | Jazzfunk & Hip Hop | | |

**KENNSLUSTAÐIR**

**REYKJAVÍK:**
Grensásvegur 14,
Mjóddin -
Álfabakka 14, 3.hæð

**KÓPAVOGI:**
HK, 2.hæð,
Digranesvegi

**GARÐABÆ:**
Ásgarði, 2.hæð

**HAFNARFJÖRÐUR:**
FH, Kapplakrika

**DansLið þáttanna kemur sérstaklega á vegum:**

## Fáðu ÚTRÁS fyrir DansGleðina!

**Barnadansar:** Mini-Hip Hop, Jazzballett & ballett
Break | Hip Hop | Jazzfunk | Nútímadans | Zumba

**Tryggðu þér pláss & skráðu þig strax!**

**Öll skráning & nánari upplýsingar á dancecenter.is. Facebook/DanceCenter RVK. dancecenter@dancecenter.is – Sími 777 3685**



DANCE CENTER REYKJAVÍK

www.dancecenter.is

## Von er á ákvörðun um framhaldið



Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu, hefur ekki enn ákveðið sig hvort hann ætli sér að halda áfram þjálfun liðsins. Hann hefur komið liðinu á stórmót í tvígang.

„Hann hefur lagt höfuðið í bleyti og ætlar að hugsa málið næstu daga,“ sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdarstjóri KSÍ.

„Við gáfum honum einhvern tíma til umhugsunar en það má helst ekki vera of langt. Sigurður [Ragnar Eyjólfsson] er núna staddur í sumarfríi erlendis og ætlar að svara okkur von bráðar.“

„Þetta kemur vonandi í ljós í lok þessara viku eða byrjun þeirra næstu.“

Íslenska kvennalandsliðið komst alla leið í 8-liða úrslit á Evrópumótinu sem fram fór í Svíþjóð í júlí. Sigurður Ragnar hefur verið með liðið síðan í desember árið 2006 og hefur því verið með liðið í tæplega sjö ár. Von er á ákvörðun frá honum á næstu dögum. - sáp

## Búinn að eiga tvo 32 stiga leiki í röð í Höllinni



JÓN ARNÓR STEFÁNSSON FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson sýndi mátt sinn og megin á móti Búlgörum í Laugardalshöllinni í undankeppni EM 2015 í fyrrakvöld en það varð ekki til sigurs. Jón Arnór jafnaði stigametið í Laugardalshöllinni í þessum leik en svo skemmtilega vill til að Jón setti metið sjálfur í síðasta leik sínum í Höllinni, sem var á móti Svartfellingum í fyrra.

„Jón Arnór Stefánsson átti eina mögnuðustu frammistöðu sem ég hef séð á körfuboltavelli með berum augum,“ skrifaði hinn margreyndi þjálfari Benedikt Guðmundsson á fésbókarsíðu sína eftir leik og ekki að ástæðulausu.

„Krafturinn, viljinn, yfirferðin, einstaklingsvörnin, hjálparvörnin, staðsetningar og fleira undirstrikaði að hann er einn af okkar bestu íþróttamönnum allra tíma. Allt þetta hálfmeiddur og ekki nálægt sínu besta formi,“ bætti Benedikt við. Stigin voru 32 talsins og Jón Arnór hefur því skorað 32 stig í síðustu tveimur leikjum sínum í Laugardalshöllinni.

Jón Arnór gerði samt betur en á móti Svartfjallalandi í fyrra þar sem hann hitti „bara“ úr 8 af 19 skotum sínum. Þá fékk hann 14 vítaskot (hitti úr 13) en í fyrrakvöld fékk þessi frábæri leikmaður lítið sem ekkert frá dómurum leiksins. Jón Arnór fékk aðeins tvö víti allan leikinn á móti Búlgörum en hann hitti úr 13 af 21 skoti sínu (62 prósent) í leiknum, þar af fimm af sex fyrir utan þriggja stiga línuna. - óój

## VINÁTTULEIKIR

**ÍSLAND - FÆREYJAR 1-0**
1-0 Birkir Bjarnason (65.)

**SVÍÞJÓÐ - NOREGUR 4-2**
Zlatan Ibrahimovic 3, Anders Svensson - Mohammed Abdellaoue, Stefan Johansen.

**BOSNÍA/HERSEG. - BANDARÍKIN 3-4**
Edin Dzeko 2, Vedad Ibisevic - Eddie Johnson, Jozy Altidore 3.

**SVISS - BRASILÍA 1-0**
Dani Alves, sjm.

**PÓLLAND - DANMÖRK 3-2**
Mateusz Klich, Waldemar Sobota, Piotr Zielinski - Christian Eriksen, M. Braithwaite.

**ÞÝSKALAND - PARAGVÆ 3-3**
Ilkay Gundogan, Thomas Müller, Lars Bender - Jose Nunez, Wilson Pittoni, Miguel Samudio.

**WALES - ÍRLAND 0-0**

**ÍTALÍA - ARGENTÍNA 1-2**
Lorenzo Insigne - Gonzalo Higuain, Ever Banega.

**BELGÍA - FRAKKLAND 0-0**

**ENGLAND - SKOTLAND 3-2**
Theo Walcott, Danny Welbeck, Rickie Lambert - James Morrison, Kenny Miller.

**PORTÚGAL - HOLLAND 1-1**
Cristiano Ronaldo - Kevin Strootman.



**HEITUR** Emil (nr. 10) skorar og skorar fyrir U-21 árs liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Emil skoraði þrennu

**FÓTBOLTI** Emil Atlason fór á kostum með íslenska U-21 árs liðinu í kvöld er liðið vann öruggan sigur, 4-1, á Hvít-Rússum í undankeppni EM.

Emil er þar með búinn að skora sex mörk í fyrstu þremur leikjum íslenska liðsins. Allir leikirnir hafa unnist og er Ísland í efsta sæti riðilsins.

Jón Daði Böðvarsson skoraði einnig mark og lagði upp eitt. Hörður Björgvin Magnússon lagði upp þrjú mörk. - hbg

# Eiður Smári kom til bjargar

Íslenska fótboltalandsliðið vann 1-0 sigur á Færeyjum í vináttulandsleik á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Eftir hugmyndasnauðan og hundleiðinlegan fyrri hálfleik hleypti Eiður Smári Guðjohnsen smá lífi í íslenska liðið í þeim seinni. Íslenska liðið var þó ekki fjarri því að fá á sig jöfnunarmark undir lok leiksins.

**FÓTBOLTI** Ísland bætti enn einum sigrinum á litlu frændum okkar Færeyingum þegar þjóðirnar mættust í vináttulandsleik í Laugardalnum í gærkvöldi en þeir hafa flestir verið skemmtilegri og meira sannfærandi en leikur liðanna í gær.

Birkir Bjarnason skoraði eina mark leiksins á 65. mínútu en íslenska liðið þarf að spila mun betur í komandi leikjum í undankeppni HM ætli strákarnir að komast á HM í Brasilíu næsta sumar.

Íslenska liðið lék án Gylfa Þórs Sigurðssonar og það leyndist ekki fyrir neinum að í íslenska liðið vantaði mann til að brjóta upp leikinn og koma hlutunum á hreyfingu.

Lars Lagerbäck átti hins vegar ás upp í erminni því allt annað var að sjá liðið eftir að Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á í hálfleik. Það voru meistaratakta frá markahæsti leikmanni landsliðsins sem gerðu útslagið en sigurmark Birkis kom eftir frábæran undirbúning frá Eiði Smára.

Fyrri hálfleikurinn var ekki mikið fyrir augað. Leikur íslenska liðsins hreif ekki marga á vellinum enda oftast hugmyndalítill og alltof hægur.

Alfreð Finnbogason fékk bestu færi íslenska liðsins og hefði vel getað verið búinn að skora í fyrri hálfleiknum. Miðjan, með þá Helga Val Daníelsson og Emil Hallfreðsson í fararbroddi, hægði á öllu spili íslenska liðsins og einnar snertingar-boltinn sást lítið í fyrri hálfleiknum.

Eiður Smári breytti eins og áður sagði miklu í seinni hálfleiknum og þá átti Arnór Smárason flotta innkomu undir lok leiksins. Seinni hálfleikurinn var mun betri og oft vantaði ekki mikið upp á að íslenska liðið næði inn fleiri mörkum.

Kolbeinn Sigþórsson og Alfreð Finnbogason voru saman í framlínunni í þessum leik, en sama hvort væntingarnar eru of miklar eða ekki, þá virðast þeir sjaldan vera í takt hvor við annan.

Alfreð fékk vissulega færin til að skora fernu í leiknum en lítið kom út úr samvinnu þeirra tveggja.

Kolbeinn vann hins vegar vel fyrir liðið en þurfi að sætta sig við fjórða markalausa landsleikinn í röð. Kolbeinn og Arnór náðu sem dæmi mun betur saman og Kolbeinn fékk sín bestu færi eftir að Arnór var kominn inn fyrir Alfreð.

Fram undan eru fjórir leikir í undankeppni HM þar sem íslenska liðið á von um að komast á HM. Það þarf mun betri frammistöðu en í gær.

Gylfi Þór Sigurðsson verður vonandi með í þeim leikjum og það er líka full ástæða til að gefa Eiði Smára Guðjohnsen tækifæri í byrjunarliðinu. Hann gjörbreytti liðinu í gær.

### Tók tíma að þreyta þá

„Færeyingar eru gríðarlega skipulagðir og það má sjá á úrslitum þeirra í riðlakeppninni. Það tekur tíma að þreyta þá,“ sagði Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari við RÚV eftir leikinn.

„Það verður að bera virðingu fyrir Færeyingum. Það er alltaf erfitt að spila gegn liði sem er með mikið af mönnum í vörn. Við sköpuðum samt færi og hefðum átt að skora fleiri mörk.“

Lars viðurkenndi að þetta hefði ekki verið besti leikur Íslands undir hans stjórn en hann var samt ánægður að fá leik.

„Þetta var fínn undirbúningur. Það verður eðlilega allt annað að fara til Sviss og spila þar. Það var því gott að koma saman og hefja undirbúning fyrir mikilvægan leik þar sem mikið verður undir.“

ooj@frettabladid.is



**BREYTTI LEIKNUM** Eiður Smári Guðjohnsen kom inn af bekknum í hálfleik. Hann breytti gangi leiksins og lagði upp sigurmarkið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Aron spilaði fyrir Bandaríkin



Það varð endanlega ljóst í gær að Aron Jóhannsson mun aldrei spila A-landsleik fyrir Ísland. Þá spilaði hann sinn fyrsta landsleik fyrir Bandaríkin og má því ekki spila fyrir Ísland.

Aron spilaði í 27 mínútur í 4-2 sigri Bandaríkjanna á Bosníu-Hersegóvínu. Staðan í leiknum var 2-2 þegar Aron kom af bekknum.

Hann lét nokkuð til sín taka en náði ekki að skora. Fyrrum félagi Arons hjá AZ Alkmaar, Jozy Altidore, skoraði þrennu fyrir Bandaríkin. Hann er nýbúinn að semja við enska úrvalsdeildarfélagið Sunderland.



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**SMELLTU Á KÖRFUNA**

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




**OPIÐ ALLA HELGINA 17-18 ÁGÚST**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**ÖLL TÆKI**
VÖRN FYRIR ÖLL TÆKI ALLT AÐ 5 NOTENDA HEIMILISINS




## ÖRYGGISVÖRN

McAfee All Access 2013 er alhliða heildarlausn á öllu öryggi fyrir öll tæki heimilisins

**6.990**

FULLKOMIÐ ÖRYGGI!




**NÝTT**
NÝJUSTU ÚTGÁFUR AF WORD, EXCEL, POWERPOINT OG ONENOTE

## OFFICE 2013

Office 2013 Home and Student, nýjustu útgáfur af öllum nauðsynlegustu forritunum fyrir skólann

**19.900**

Á SKÓLATILBOÐI:)




## LENOVO G585

Frábær í skólann með 15.6" HD LED skjá, Dual Core örgjörva, 4GB minni, 320GB disk og Windows 8

**59.900**

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

**OPIÐ ALLA HELGINA**

Fim, Föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# Tvíhendurnar teknar í stað rafmagnsgítara

## Hvorki „sex“ né „drugs“ í rokkaðri veiðiferð.

Einhverjir mestu hljómsveitatöffarar sinnar tíðar skruppu í Ytri-Rangá um helgina og gerðu góðan túr. Fengu yfir 20 laxa. Við erum að tala um félagana í Top of the Line Angling Club Iceland, þá Björgvin Halldórsson (formaður), Óttar Felix Hauksson (ritari) og Birgi Hrafnsson (gjaldkeri). Fjórði maðurinn var tekinn í klúbbinn í ferðinni; Sverrir Eyjólfsson hjá Bakkusi.

Óttar Felix setti persónulegt met, fékk tíu laxa eftir tveggja daga veiði. Óttar, sem var einhver sá svakalegasti á sviði með hljómsveitinni Pops segir aðspurður að það hafi ekki verið neitt „sex, drugs and rock and roll“ í ferðinni. „Nei, ekkert „sex“ og ég veit ekki til þess að það hafi verið neitt „drugs“, hvort Bó hafi skotið í eina feita? Nei, ég held ekki. En, rock and roll var bara í jeppanum, hátölurunum þar. Kassagítararnir voru skildir eftir heima og tvíhendurnar mundaðar.“



**GLAÐIR** Óttar Felix og Björgvin Halldórsson með veiðina.

Óttar kann ekki skýringar á því hvernig á því stendur að svo margir tónlistarmenn hafi lagt fyrir sig veiðina. „En, þeir eru margir flinkir. Pálmi Gunnarsson kannski frægastur, já og Engilbert Jensen að ógleymdum Þór Nielsen, prófessor í Þingvallavatni; hann var fiftís-hetja og spilaði meðal annars með Hauki Morthens. Nei, þetta virðist fara vel saman en ég kann ekki að útskýra þetta.“ - jbg

# Gunni Helga fékk lax!

Þessi fyrirsögn er sérkennileg í ljósi þess að leikarinn Gunnar Helgason er með þekktari veiðimönnum landsins og hefur gert fjölda þátta um laxveiði ásamt tvíburabróður sínum, Ásmundi.

En, engu að síður er engu logið. Gunnar birti fagnandi mynd á Facebook-síðu sinni þar sem hann greinir frá þessu, og svo mikið varð honum um að hann ákvað að bregða fyrir sig enskunni: „Finally … after one year, eleven months and 25 days of nothing I got a salmon. Sunray!“

Fréttablaðið hafði samband við veiðimanninn knáa sem féllst á að segja nánar af þessu. Í símskeytastíl „Ók, Breiðdalsá. Einarshylur. Sunrey Shadow. Stutt barátta við stuttan fisk með langri stöng.“ Síðasti lax fyrir þennan var 25 punda, sem Gunnar setti í við veiðar í Aðaldal. „Ég hef bara verið að jafna mig á því síðan. En hef nú fundið hungrið aftur og langar í meira. Breiðdalsá er í þvílíku uppáhaldi hjá mér og erfitt að hætta veiðinni. Helst vildi ég taka svona tíu daga í beit en það er víst ekki í boði.“ - jbg



**HREYINDÝRAVEIÐAR** Pálmi Gestsson leikari og veiðimaður með tarf sem hann felldi fyrir nokkrum árum. Nú gengur illa að finna dýr enda yfir mikið og erfitt land að fara.

# Ekkert aktu taktu skytterí fyrir austan

## Hreindýraveiðar ganga treglega. Pálmi Gestsson leikari hefur leitað dýra í nokkra daga án árangurs. Búið að veiða 300 dýr af 1.229 dýra kvóta.

Erfiðlega gengur að finna dýr á hreindýraslóð. Pálmi gerir út frá Vaðbrekku í Hrafnkelsdal og nýtur leiðsagnar hins þaulvana Sigurðar Aðalsteinssonar, eða Sigga á Vaðbrekku. Þrátt fyrir mikla leit gengur ekkert að finna dýr. Pálmi, sem hefur fellt hátt í tíu tarfa í gegnum tíðina, gefur lítið fyrir það að lítið sé fyrir þessu haft. Segir það af og frá, sem margur vill meina, að þetta sé eins og að skjóta belju á túni.

Pálmi, sem er að veiða á svæði eitt og hefur þegar þetta er ritað verið við leit í fjóra daga, segir þetta agalegt ástand og ekkert finnist. Hefur meira að segja borið á því að menn hafi gefist upp og skilað inn leyfum sínum. „Já, við vorum að tala um það hérna. Menn kalla þetta aktu taktu og gluggaskytterí. En, það er ekki mín reynsla. Við löbbuðum 18 kílómetra í gær og vögguðum inn allar heiðar.“

Svæði eitt er víðfeðmt. „Maður þarf að fara niður á Vopnafjörð og Bakkafjörð og þar. Þeir vita af svakalega mörgum hjörðum sem ekkert hefur verið veitt úr. En þetta er svo erfitt svæði, erfitt aðgengi. Við erum þrjá tíma að rugga þarna inn heiðina.“

Jóhann G. Gunnarsson hjá Umhverfisstofnun á Egilsstöðum segir það vissulega rétt að yfir stórt og erfitt svæði sé að fara og oft sé erfitt að finna dýr. Hann staðfestir það sem Pálmi segir, að dæmi séu um að menn hafi gefist upp og skilað inn leyfunum. Nú þegar tarfatímabilið er um það bil hálfnað er búið veiða 300 dýr af 1.229. Jóhann segir að oft hafi útlit verið fyrir að kvótinn yrði ekki kláraður en alltaf hafi veiðarnar gengið eftir. Álag á veiðislóð eykst mjög eftir 20. ágúst en þá hefst gæsatímabilið og vilja margir veiðimenn samnýta ferðina austur og fara á gæs jafnframt.

jakob@365.is




CITROËN C3
FRÁ 2.330.000 KR.

Einstaklega sparneytinn, lipur og þægilegur. Notar einungis frá 3,4 l/100 km í blönduðum akstri. Há sætisstaða, gnótt rýmis og ríkulegur staðalbúnaður veita þér hámarks notagildi og frelsi. Auk þess fær hann frítt í stæði í Reykjavík.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu

# NETTÓ GRANDA

## FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!




# nettó

## LÁGT VERÐ
## DAG & NÓTT

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 22.55
### Grimm

Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning. Nick Burkhardt er rannsóknarlögreglumaður sem sér hluti sem aðrir sjá ekki og hefur það hlutverk að elta uppi uppi alls kyns kynjaverur sem lifa meðal mannfólksins. Á sama tíma og hann berst við djöfla og ára er hann önnum kafinn við að leysa morð-mál með félaga sínum í lögreglunni.



## Í KVÖLD



### The Carrie Diaries
**POPPTÍVÍ KL 22.20** Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie Bradshaw, sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City, þegar hún var yngri og að stíga sín fyrstu spor á framabrautinni.

TV.COM 8,2 IMDb 6,3



### The Office
**SKJÁR EINN KL 20.45** Skrifstofu-stjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennarinn. Andy fær keppinaut um starfið sitt sem fljótlega klýfur skrifstofuna í tvennt.

TV.COM 8,7 IMDb 9,0



### Glæpahneigð
**SJÓNVARPIÐ KL 22.30** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og hindra frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

TV.COM 8,8 IMDb 8,0

## Rás 2 kl 16.05
### Síðdegisútvarpið

Dægurmálaþáttur á vegum Rásar 2. Þátturinn er á dagskrá alla virka daga. Við rýnum í mikilvægustu og skemmti-legustu þjóðmálin hverju sinni og skoðum lífið í landinu. Umsjónar-menn eru Guðfinnur Sigurvinsson, Guðrún Gunnarsdóttir og Gunnar Hansson.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími**
**08.10** **Malcolm In the Middle** *(2:22)*
**08.30** **Ellen** *(22:170)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** *(41:175)*
**10.15** **Human Target** *(9:13)*
**11.00** **Masterchef** *(11:13)*
**11.45** **Kingdom of Plants**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Splitting Heirs**
**14.25** **The Glee Project** *(3:11)*
**15.10** **Lína langsokkur**
**15.35** **Ævintýri Tinna**
**16.00** **Ofurmennið**
**16.25** **Ellen** *(23:170)*
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(16:22)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **The Big Bang Theory** *(11:24)*
**19.35** **Modern Family**
**20.00** **Masterchef USA** *(6:20)*
**20.40** **NCIS. Los Angeles** *(1:24)*
**21.25** **Person of Interest** *(3:22)*
**22.10** **Breaking Bad** *(1:8)* Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í fram-leiðslu og sölu á eiturlyfjum og sogast inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.
**22.55** **Grimm** *(19:22)*
**23.40** **Harry's Law** *(12:22)*
**00.25** **Rizzoli & Isles** *(10:15)*
**01.10** **Broadchurch** *(1:8)*
**02.00** **The Killing** *(10:12)*
**02.45** **Crossing Lines** *(5:10)*
**03.30** **The Red Baron**
**05.35** **Splitting Heirs**

## POPP TÍVÍ

**19.00** **Friends** *(24:24)* Þ
**19.20** **Two and a Half Men** *(17:24)*
**19.40** **The Simpsons** *(8:21)*
**20.05** **Pretty Little Liars** *(19:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**20.50** **Pretty Little Liars** *(20:25)*
**21.35** **Glory Daze** *(3:10)*
**22.20** **The Carrie Diaries**
**23.00** **The Carrie Diaries**
**23.40** **Friends** *(24:24)*
**00.05** **Two and a Half Men** *(17:24)*
**00.25** **The Simpsons** *(8:21)*
**00.50** **Glory Daze** *(3:10)*
**01.35** **The Carrie Diaries**
**02.15** **The Carrie Diaries**
**03.00** **Tónlistarmyndbönd**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Flugsafnið á Akureyri

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **England - Skotland**
**17.15** **Sumarmótin 2013**
**17.55** **FH - Breiðablik**
**19.45** **Pepsi mörkin 2013**
**21.00** **Einvígið á Nesinu**
**21.50** **England - Skotland**
**23.35** **Ben Curtis á heimaslóðum**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40** **Man. Utd. - Aston Villa**
**18.20** **Newcastle - Liverpool**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.25** **Football League Show 2013/14**
**21.55** **Arsenal - Reading**
**23.35** **Chelsea - Aston Villa**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Kai Lan **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Fjörugi teiknimyndatíminn **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Histeria! **11.00** Doddi litli og Eyrnastór **11.10** Ofuröndin **11.35** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.10** Kai Lan **12.35** Svampur Sveinsson **13.00** Dóra könn-uður **13.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Strumparnir **14.10** Waybuloo **14.30** Fjörugi teiknimyndatíminn **14.50** Áfram Diego, áfram! **15.15** Histeria! **15.35** Doddi litli og Eyrnastór **15.45** Ofuröndin **16.10** Lalli **16.20** Refurinn Pablo **16.25** Litlu Tommi og Jenni **16.45** Kai Lan **17.10** Svampur Sveinsson **17.35** Dóra könn-uður **18.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.20** Strumparnir **18.45** Waybuloo **19.05** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.30** Áfram Diego, áfram! **19.50** Doddi litli og Eyrnastór

## GULL

**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Stelpurnar**
**20.55** **Fóstbræður** *(3:8)*
**21.25** **Curb Your Enthusiasm** *(7:10)*
**22.00** **The Drew Carey Show** *(2:24)*
**22.25** **Strákarnir**
**22.55** **Stelpurnar**
**23.20** **Fóstbræður** *(3:8)*
**23.45** **Curb Your Enthusiasm** *(7:10)*
**00.20** **The Drew Carey Show** *(2:24)*
**00.45** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.30** **Sammy's Adventures**
**13.55** **I Could Never Be Your Woman**
**15.30** **Safe Harbour**
**17.15** **Sammy's Adventures**
**18.40** **I Could Never Be Your Woman**
**20.15** **Safe Harbour**
**22.00** **Flypaper**
**23.30** **Stig Larsson-þríleikurinn**
**01.35** **The Messenger**
**03.25** **Flypaper**

## RÚV

**14.45** **HM í frjálsum íþróttum - Samantekt**
**15.00** **HM í frjálsum íþróttum** Bein útsending frá heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum í Moskvu.
**17.27** **Úmísúmí**
**17.50** **Dýraspítalinn** *(2:9)*
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Marteinn** *(6:8) (Til í tuskið)*
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.40** **Elliárin** *(2:2) (When I Get Older)*
**20.45** **Vinur í raun** *(4:6) (Moone Boy)* Martin Moone er ungur strákur sem treystir á hjálp ímyndaða vinar síns, Seans, þegar á móti blæs. Þættirnir gerast í smábæ á Írlandi á níunda áratugnum. Meðal leikenda eru Chris O'Dowd.
**21.10** **Sönnunargögn** *(5:13) (Body of Proof)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **HM í frjálsum íþróttum** Samantekt
**22.30** **Glæpahneigð** *(20:24) (Criminal Minds VII)*
**23.15** **Paradís** *(6:8) (The Paradise)*
**00.10** **Kynlífsráðuneytið** *(3:15)*
**00.40** **Fréttir**
**00.50** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**07.35** **Everybody Loves Raymond**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**15.55** **Once Upon A Time** *(9:22)* Frá framleiðendum Lost koma þessir vönd-uðu og skemmtilegu þættir sem gerast bæði í ævintýralandi og nútímanum.
**16.40** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(1:20)*
**17.10** **Psych**
**17.55** **Dr. Phil**
**18.40** **America's Funniest Home Videos**
**19.05** **Everybody Loves Raymond**
**19.30** **Cheers**
**19.55** **Solsidan** *(1:10)* Nýr sænskur gamanþáttur sem slegið hefur í gegn á Norðurlöndunum.
**20.20** **Men at Work** *(5:10)*
**20.45** **The Office** *(19:24)*
**21.10** **Royal Pains** *(15.16)*
**22.00** **Flashpoint** *(9:18)*
**22.50** **Dexter** *(5:12)*
**23.40** **Law & Order. UK** *(1:8)*
**00.30** **Excused**
**00.55** **Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny**
**01.20** **Royal Pains**
**02.05** **Flashpoint**
**02.55** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **10.20** PGA Championship *(2013)* **15.20** Ryder Cup Official Film *(1997)* **17.35** PGA Championship **2013 22**.35 The Open Championship Official Film *(2005)* **23.30** Inside the PGA Tour **23.55** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

OK búðin

#EINBEITING

@OKBUDIN

# VERTU KLÁR

**Hvaða tölva hentar þér?** Komdu í OK búðina að Höfðabakka 9
og láttu sérfræðingana fræða þig um hvaða tölva hentar þér.



## HP Pavilion TouchSmart 11,6"

**99.900 kr.**

**Örgjörvi:** AMD Dual-Core A4 - 1250 1,0GHz
**Vinnsluminni:** 4GB DDR3
**Harður diskur:** 500GB SATA 5400 rpm
**Skjákort:** + AMD Radeon HD 8180 Graphics
**Skjástærð:** 11,6" baklýstur "BrightView"

## INSTAGRAM LEIKUR

#EINBEITING @OKBUDIN



Taktu þátt í Instagram leik OK búðarinnar og þú gætir unnið glæsilega vinninga fyrir skólann.

Leikurinn hófst 12. ágúst og lýkur 6. september.
Okkur langar að sjá myndir af þér æfa einbeitinguna fyrir skólann.





### HP compaq CQ58-d01s0

**89.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel© Celeron© 1000M
**Vinnsluminni:** 4GB DDR3
**Harður diskur:** 500GB SATA 5400 rpm
**Skjákort:** Intel HD Graphics
**Skjástærð:** 15.6" HD LED BrightView



### FUJITSU Lifebook AH552 i3 15"

**109.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel Core i5 2,6 Ghz
**Vinnsluminni:** 8GB DDR3, 1600 MHz
**Harður diskur:** 500GB SATA 5400 rpm
**Skjákort:** Intel HD Graphics 4000
**Skjástærð:** 15,6"LED backlight



### FUJITSU Lifebook UH572 i5 13"

**149.900 kr.**

**Örgjörvi:** Intel Core i5-3337U 1.7 GHz
**Vinnsluminni:** 4GB DDR3 1066MHz
**Harður diskur:** 128GB SSD Diskur
**Skjákort:** Intel HD Graphics 4000
**Skjástærð:** 15,6"LED backlight

hp FUJITSU | Fæst hjá endursöluaðilum um land allt

## DRYKKURINN



„Vatnið er náttúrulega klassíkt og svo er Coke Light í uppáhaldi þessa dagana.“

Eva Dögg Sigurgeirsdóttir viðskiptafræðingur

# Steve Vai spilar í Silfurbergi í október

Þrefaldi Grammy-verðlaunahafinn og einn mesti gítarsnillingur rokksögunnar er á leiðinni til Íslands.

Þrefaldi Grammy-verðlaunahafinn og einn mesti gítarsnillingur rokksögunnar Steve Vai heldur tónleika í Silfurbergi í Hörpu föstudaginn 11. október.

Hinn 53 ára Vai hefur á ferli sínum spilað með Frank Zappa, Public Image Ltd., David Lee Roth og Whitesnake, auk þess að starfrækja eigin sólóferil.

Hann er á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu, sem hefst 29. ágúst í Belfast, til að fylgja eftir sinni áttundu hljóðversplötu og þeirri fyrstu í sjö ár, The Story of Light.

„Mér finnst meiriháttar að hann skuli vera á leiðinni. Ég er búinn að horfa á hann á Youtube og á ekki orð yfir mörgu af því sem hann gerir. Þetta er algjör töframaður og ég held að tónleikarnir verði rosalega skemmtilegir,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson, sem flytur Vai inn til landsins.

Miðasala hefst 21. ágúst á midi.is og harpa.is og í síma 5285050. Nokkrir VIP-miðar verða í boði fyrir þá sem vilja hitta gítarsnillinginn fyrir tónleika og sjá hann í hljóðprufu. - fb

➜ Steve Vai spilaði með hljómsveitinni Zappa Plays Zappa í Reykjavík 2006. Hann spilaði einnig með Whitesnake í Reiðhöllinni í Reykjavík árið 1990.



**TIL ÍSLANDS** Gítarsnillingurinn Steve Vai er á leiðinni til Íslands.






**KASY** Fyrirsæta í tankíní. MYND/EYDÍS BJÖRK

# Margnota sundföt fyrir konur með línur

Katrín Sylvía Símonardóttir hannar kvenlegan og kynþokkafullan sundfatnað.



**KATRÍN SYLVÍA**

„Mér fannst vanta vandaðan og kynþokkafullan sundfatnað fyrir konur í stærðum 12 til 26. Það sem ég hafði rekist á var að mínu mati ömmulegt og gamaldags. Ég ákvað því að skella mér í heljarinnar rannsóknarvinnu sem síðar skilaði mér fyrstu sundfatalínunni minni,“ segir Katrín Sylvía Símonardóttir, sem hannar sundföt fyrir konur með línur. „Ég var búin að vera atvinnulaus í meira en ár þegar ég fór að hugsa um hvað ég gæti farið að gera. Ofarlega í huga mér var elegant og vel sniðin sundföt fyrir konur í yfirstærð. Draumurinn var að eiga bikiní sem væri hægt að breyta í tankiní eða sundkjól eftir hentugleika,“ segir hún. Spurð segir Katrín að það hafi farið mikil og ströng vinna í undirbúning og að hún hafi aldrei efast um þetta yrði of erfitt. „Ég kláraði diplómanám í frumkvöðlafræðum frá Klak Nýsköpunarmiðstöð og það gaf mér styrkinn sem ég þurfti til þess að hrinda þessu í framkvæmd.

Það tók tvö ár fyrir mig að finna framleiðendur en eftir það fór boltinn að rúlla.“ Katrín hannar allar flíkurnar sjálf en fékk klæðskera til þess að hjálpa sér við sniðin. Sundfatalínan Kasy fæst nú á þremur stöðum hérlendis og fljótlega á Kasyswim.com. Katrín fór með línuna á stærstu sundfatasýningu heims, sem nefnist Swim Show og er haldin í Miami. „Mér var tekið mjög vel á þessari sýningu og er hæstánægð með athyglina sem Kasy fékk. Nú krossa ég bara fingur að einhver sýni mér áhuga á erlendum markaði. Svo er draumurinn að fá fjárfesta svo ég geti haldið áfram að stækka,“ segir hönnuðurinn Katrín Sylvía að lokum. asa@365.is

## Sundfötin má nota á marga vegu.

Sundfötin eru með seglum svo það er hægt að bæta við eftir hentugleika og breyta þannig bikiníi í sundkjól eða tankíní. Það er hægt að vera með kærastanum í heita pottinum í bikiníi en stundum vill maður sýna minna hold og þá er sniðugt að geta breytt sundfötunum í sundkjól.



# Vill fleiri stráka í söngleikjanám

Þór Breiðfjörð vonast til að fleiri strákar skrái sig í söngleikjanám hjá honum.

„Strákarnir virðast vera feimnari við þetta en við bítum engan. Við bjóðum fólki að koma og vera óhrætt. Við erum rosalega ljúf og uppbyggileg,“ segir söngvarinn Þór Breiðfjörð.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er Þór, ásamt þremur öðrum söngkennurum, að fara af stað með söngleikjanám í Söngskóla Sigurðar Demetz í haust. Strákar hafa verið nokkuð tregir til að sækja um námið en seinna inntökuprófið af tveimur verður haldið á þriðjudaginn 20. ágúst. „Eftir því sem ég hef heyrt fara strákarnir yfirleitt í klassískt söngnám. Ég veit ekki af hverju það er. Kannski vantar svona vettvang sem er alhliða,“ segir Þór, sem segir námið bjóða upp á blöndu af poppi, rokki og djassi.

Aðspurður hvort einhverjir fordómar séu mögulega hjá strákum gagnvart söngleikjanáminu segir hann: „Það getur verið að þeir hafi áhyggjur af því að þeir verði settir í ballettbúning. En ég er sjálfur strákur að norðan sem var bara í fótbolta og „aksjón“ íþróttum.“

Alls fær 21 söngvari inngöngu í námið og þegar er búið að veita fimmtán inngöngu. - fb



**FLEIRI STRÁKAR** Þór Breiðfjörð vill að fleiri strákar sæki um söngleikjanámið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# SKÓLABJALLAN HRINGIR!



Verð:
134.995

Inspiron5521#01

## Dell Inspiron 15R fartölva (5521)

Intel Core i3-3227U (1.9GHz, 3MB, Dual Core)
4GB 1600MHz DDR3 vinnsluminni (1x4GB)
15.6" HD WLED True-Life skjár (1366x768)
500GB Serial ATA 5400rpm harður diskur
Windows 8 stýrikerfi (64 Bit)

PIPAR\TBWA • SÍA • 132286



E2V66EA

## HP Pavilion TouchSmart 11,6"

Glæsileg Windows 8 fartölva með snertiskjá
Skjástærð: 11,6" baklýstur
"BrightView" Antiglare LED
Örgjörvi: AMD Dual-Core A4-1250
(1.0 GHz, 1MB L2 Cache, DDR3L-1333MHz)
Vinnsluminni: 4GB DDR3, mest 8GB
Geymslumiðlar: 320GB SATA
5400 rpm harður diskur
Skjákort: + AMD Radeon HD 8180 Graphics

Verð:
99.995

VFY:AH552MXR32IS

## Fujitsu Lifebook AH552 i3 15,6"

Skjástærð:15,6" (39.6cm)
LED backlight, glossy.
Örgjörvi: Intel Core i3-3110M
2.5GHz 3MB
Vinnsluminni: 8GB DDR3,
1600 MHz, PC3-12800,
mest stækkanleg í 16GB
Geymslumiðlar: 500GB SATA
5400 rpm harður diskur
Skjákort: nVidia GeForce
GT640M LE 2GB VRAM



Verð:
114.995



Inspiron3521#04

## Dell Inspiron 15" fartölva (3521)

Intel Celeron 1007U
(1.5GHz, 2MB, Dual Core)
4GB 1600MHz DDR3
vinnsluminni (1x4GB)
15.6" HD WLED True-Life
skjár (1366x768)
500GB Serial ATA 5400rpm
harður diskur
Windows 8 stýrikerfi (64 Bit)

Verð:
89.995



S200E-CT161H

## Asus VivoBook 11,6" pentium

Intel Core i-3 (1,8Ghz)
4GB vinnsluminni
11,6" HD LED snertiskjár (1366x768)
500GB - 5400rpm harður diskur
Windows 8 stýrikerfi (64 Bit)

Verð:
99.995



Z0P0

## MacBook Air 13" 256GB

Allt að 2,6GHz í Turbo Boost
á 1,3GHz dual-core Intel Core i5
4GB 1600MHz LPDDR3 á móðurborði
13,3" LED baklýstur skjár (1440x900)
256GB flash geymsla
Intel HD Graphics 5000 skjástýring

Verð:
259.995



Verð:
209.995

Z0MT

## MacBook Pro 13" 2,5GHz i5

2,5GHz dual-core Intel Core i5
með Turbo Boost í allt að 3,1GHz
4GB 1600MHz LPDDR3 á móðurborði
13,3" LED baklýstur skjár (1280x800)
500GB Serial ATA 5400rpm
Intel HD Graphics
4000 skjástýring

Hátækni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
VÍSIR
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Steinunn Ólína á opnun Ósushi

Opnun Ósushi í Hafnarfirði fór fram í gær með pompi og prakt. **Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir** sagði nokkur orð í tilefni af opnun staðarins. Hún ku vera hætt að leika og einbeitir sér nú alfarið að fyrirtæki sínu POPpeople, sem sérhæfir sig í þjónustu fyrir fyrirtæki sem vilja kynna vörur sínar í gegnum samfélagsmiðla. Hinir tveir Ósushi-staðirnir eru í Pósthússtræti og í Borgartúni. Eru opnunarkvöld staðanna margrómaðar samkomur og því má gera ráð fyrir að Steinunn Ólína hafi verið í góðu yfirlæti í gær.



- nej

### Grant með Nýdönsk

Tónlistarmaðurinn **John Grant** verður sérstakur gestur á tónleikum hljómsveitarinnar Nýdönsk í Hörpu þann 21. september. Grant er mikill aðdáandi danssveitarinnar GusGus og þar með Daníels Ágústs söngvara. Tónleikarnir í Hörpu bera yfirskriftina Fram á nótt og verða tileinkaðir vinsælustu lögum hljómsveitarinnar, sem fagnaði 25 ára starfsafmæli í fyrra. Uppselt er orðið á fyrri tónleikana en enn er hægt að fá miða á þá seinni.



- sm

## Mest lesið VÍSIR

1. Vigdís vill endurskoða fjárframlög til RÚV
2. Trúaðir með lakara gáfnafar
3. Húsbílafólk sturtar saur á þvottaplanið
4. Flugi Jennifer breytt vegna Angelinu
5. Leikskólabörn komu að kartöflugarðinum ónýtum
6. Frægir fjölmenntu á frumsýninguna
7. Theodór Elmar ekki sáttur við landsliðsþjálfarann










Pantaðu á
365.is eða
stod2.is

2 VILD

**Öflugt fríðindakerfi**

Það margborgar sig að vera Vildaráskrifandi. Þú einfaldlega mætir til samstarfsaðila, notar skráð kreditkort og afslátturinn reiknast sjálfkrafa! Skráðu þig núna á **stod2.is/vild**

**Kynntu þér þessa spennandi nýjung og kláraðu dæmið á www.stod2.is!**

**HEIMASÍMI** | Einfalt og fljótlegt

**Hagkvæmur heimasími á hvert heimili**

Það er ekkert mál að færa gamla númerið yfir til okkar og þú getur líka valið þér nýtt númer ef þú vilt.

2 SPORT 2

*enski boltinn*




# Semdu við sterkara lið!

## EINFALT
Það er mjög einfalt að skipta. Þú getur gengið frá pöntun á stod2.is eða 365.is. Það eina sem þú þarft að gera er að skipta um netbúnað og þú ert komin(n) í samband. Innifalið er 10GB gagnamagn og þú getur fengið 40GB á 1.000 kr. stykkið. Athugið, greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

## LJÓSHRAÐI
Við bjóðum einungis upp á hröðustu tengingar sem völ er á í dag. Hjá okkur færðu 100 Mb/s á Ljósleiðara og 50 Mb/s á Ljósneti. Hjá okkur komast yfir 55.000 heimili í ljósleiðarasamband og 70.000 í Ljósnet.

## ÚRVALS EFNI
Enginn býður meira úrval af beinum útsendingum en Stöð 2 Sport 2 og njóta áskrifendur þess að geta horft á 380 beinar útsendingar. Messan með Gumma Ben sér svo um að komast að kjarna málsins í Enska boltanum. Fjöldi annarra þátta um leikmenn og liðin í deildinni ásamt fjölbreyttri umfjöllun um Enska boltann á Stöð 2 Sport 2 í vetur.

## SKEMMTILEGT
Hjá okkur færðu 3 mánaða aðgang að risastóru íslensku og erlendu tónlistarsafni með yfir 10 milljón lögum. Það er ekki allt, þú getur streymt alla tónlistina með tonlist.is appinu beint í snjallsímann þinn.

SPORT 2
*enski boltinn*

# Sjónvarp framtíðarinnar!

Oz er íslenskt app sem býður upp á sjónvarp hvar sem er ásamt upptökumöguleika. Horfðu á þína þætti, bíómyndir eða Enska boltann þegar og þar sem þér hentar.

OZ-appið keyrir á öllum iOS 6 samhæfðum tækjum (iPad 2 og nýrri, iPhone 4 og nýrri)

2 | OZ
Sjónvarp framtíðarinnar

